

Nd.

357. Frumvarp til laga

[182. mál]

um æskulýðsmál.

Flni.: Jónas Árnason.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðssstarfsemi.

Þeir aðilar, er njóta skulu stuðnings samkvæmt lögum þessum, eru:

1. Félög, er vinna að æskulýðsmálum á frjásum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmannna.
2. Aðrir aðilar, er sinna einkum velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulögðu starfi.

Heimilt er að styðja frjálsa félags- og tómstundastarfsemi í skólum, sem ekki er takmörkuð við nemendur viðkomandi skóla.

Lögin taka til íþrótt- og bindindisstarfsemi að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki þar um.

Lögin miðast einkum við æskulýðssstarfsemi fyrir ungmanni á aldrinum 12—21 árs.

II. KAFLI

Stjórn æskulýðsmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra æskulýðsmála, sem lög þessi fyllja um.

Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimmi mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír niður skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er þrjú ár.

3. gr.

Hlutverk Æskulýðsráðs ríkisins er:

1. Að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðssstarf í landinu og örva starfsemi þeirra samtaka, sem að æskulýðsmálum vinna.
2. Að leitast við að samræma æskulýðssstarfsemi félaga, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál og efla þau til sameiginlegra átaka um lausn ákveðinna verkefna.
3. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til æskulýðsmála. Tillögur skulu berast ráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert.
4. Að efna til umræðufunda og/eða ráðstefna um æskulýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
5. Að safna gögnum um æskulýðsmál hérlendis og erlendis, fylgjast með þróun þeirra mála og gera tillögur og láta í té umsagnir til stjórnvalda um mál, er varða æskulýð og æskulýðssstarfsemi. Ráðið hlutist til um, að fram fari fræðilegar rannsóknir á svíði æskulýðsmála.
6. Að sinna öðrum verkefnum, sem talin eru í lögum þessum eða ráðuneytið kann að fela því.

Menntamálaráðherra setur Æskulýðsráði ríkisins starfsreglur, þar sem verkefni ráðsins skulu rakin itarlegar og fyllra en gert er í lögum þessum.

Kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar æskulýðsfulltrúa ríkisins að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.

Æskulýðsráði skal heimilt að leita sérfræðilegrar þjónustu eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Æskulýðsráð, skipuð fæst fimm mönnum, skulu starfa í öllum kjördæmum landsins.

Samband íslenzkra sveitarfélaga semur reglur fyrir þessi æskulýðsráð, en ráðuneytið staðfestir þær, að fenginni unisögn Æskulýðsráðs ríkisins.

Meðan æskulýðsráð er ekki stofnað í kjördæmi, skulu æskulýðsnefndir þær, er um getur í 6. gr., annast verkefni ráðsins hver í sínu umdæmi.

Æskulýðsráð kjördæma skulu m. a. gera tillögur til Æskulýðsráðs ríkisins um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi hvert í sínu umdæmi. Skulu tillögurnar hafa boritz fyrir 15. apríl ár hvert, ásamt skýrslu um æskulýðsstarfsemi í kjördæminu á liðnu ári.

6. gr.

Heimilt skal að stofna æskulýðsnefndir sveitarfélaga innan hvers kjördæmis.

Skulu starfsreglur þeirra samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Æskulýðsráði ríkisins, að fenginni umsögn hlutaðeigandi æskulýðsráðs í kjördæmi.

III. KAFLI

Stuðningur við félags- og tómstundastarfsemi.

7. gr.

Pjálfun og störf leiðbeinenda.

Stuðningur við félags- og tómstundastarfsemi skal m. a. fólginn i eftirfarandi:

1. Páttöku í kostnaði við þjálfun leiðbeinenda.
2. Páttöku í launagreiðslum til sérþjálfafraðra leiðbeinenda.

Skal stefnt að því, að ríkissjóður greiði allt að 50% af framangreindum kostnaði og meira, ef fjárveitingar leyfa og Æskulýðsráð ríkisins samþykkir.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um leiðbeinendabjálfun og hlutverk og störf leiðbeinenda, þar sem m. a. skal kveðið á um styrkhæf verkefni, lágmarkstölu nemenda og kennslustunda og önnur skilyrði, sem fullnægja þarf, til þess að leiðbeinendastörf séu styrkhæf.

8. gr.

Menntun æskulýðsleiðtoga.

Æskulýðsráð ríkisins gengst fyrir því, að haldin séu námskeið fyrir æskulýðsleiðtoga. Skulu námskeið þessi, ef ástæða þykir til, haldin í samráði við Kennarskóla Íslands eða Íþróttakennaraskóla Íslands. Allur kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um námskeið þessi, þar sem m. a. skal ákveða lágmarkstölu páttakenda, inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

Heimilt skal að styrkja efnilega æskulýðsleiðtoga til framhaldsnáms og þjálfunar erlendis, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

9. gr.

Sumarbúðir, útivistarsvæði og ferðalög.

Heimilt skal að veita viðurkenndum aðilum styrki a) til sumarbúðastarfsemi fyrir æskufólk og b) til að lagfæra og bæta aðstæður á ákveðnum útivistarsvæðum.

Enn fremur skal heimilt að styrkja landssambönd til þátttöku i alþjóðlegum æskulýðsmótum og öðru æskulýðsstarfi, þegar ástæða þykir til og fjárveitingar leyfa.

Um framangreindar styrkveitingar skulu settar sérstakar reglur.

10. gr.

Önnur starfsemi í þágu æskufólks.

Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna.

IV. KAFLI

Stuðningur bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál.

11. gr.

Samband íslenzkra sveitarfélaga semur í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur reglur um stuðning þessara aðila við æskulýðsmál, en menntamálaráðherra staðfestir reglurnar. Skal stuðningur þessara aðila m. a. ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði.

V. KAFLI

Reglugerð og gildistaka.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt í Nd. á síðasta þingi sem stjórnarfrv. og vísað til menntamálanefndar. Þar urðu örlog þess þau, sem skýrt er frá í eftirfarandi kafla úr nefndaráliti minni hl. nefndarinnar (Sigurvins Einarssonar, Magnúsar Kjartanssonar, Ingvars Gíslasonar) frá 11. mars 1968:

„Menntmn. ræddi málið á nokkrum fundum, og var hún sammála um það, að í frv. fælust mikilsverð ákvæði um skipulegan stuðning hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, er gæti veitt æskufólkji proskandi viðfangsefni. Menntmn. taldi þó rétt að flytja nokkrar minni háttar breytingartillögur við frumvarpið. En þegar hún hafði nær því lokið við að semja þær tillögur, bárust henni þau skilaboð, að ríkisstjórnin vildi stöðva afgreiðslu þess. Þetta kom minni hl. menntmn. mjög á óvart, og fær hann ekki skilið, hverju þetta sætir. Telur minni hl. því rétt, að Alþingi skeri úr um það, hvort málið skuli stöðvað eða ekki“.

Það er skemmt frá að segja, að Alþingi fékk aldrei tækifæri til málssúrskurðar. Meiri hl. menntamálanefndar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, sá til þess, að þingi var slitið, án þess að þetta frv. ríkisstjórnarinnar ætti afturkvæmt úr nefndinni.

Óviðeigandi verður að teljast að láta frumvarp þetta rykfalla í skjalahirzum Alþingis, og virðist enda sjálfsagt, að á það reyni, hvort ríkisstjórnin hafi ekki látið af andstöðu sinni við þetta eitt hið þarfasta mál, sem hún hefur flutt á sínum langa valdaferli. Þess vegna hefur flutningsmaður talið sjálfsagt að taka það upp, jafnframt því sem hann leyfir sér að birta hér á eftir langa og ýtarlega greinargerð, sem ríkisstjórnin létt fylgja frumvarpinu á síðasta þingi.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðherra skipaði í desember 1963 og skilaði álti í mars 1967. Frv. þetta var lagt fram í lok síðasta Alþingis og

er nú lagt fram óbreytt. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð ásamt fylgiskjölum:

„Hinn 20. desember 1963 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi P. Gíslason, nefnd til þess að semja frumvarp til laga um æskulýðsmál, þar sem sett væru ákvæði um skipulagðan stuðning hins opinbera (þ. e. ríkis og sveitarfélaga) við æskulýðssstarfsemi, er m. a. miði að því að veita æskufólk þroskandi viðfangsefni í tómstundum.

Í nefndina voru skipaðir: séra Bragi Friðriksson, þáv. framkvæmdastjóri Æskulýðsráðs Reykjavíkur, séra Eiríkur J. Eiríksson, sambandsstjóri Ungmennafélags Íslands, Gísli Halldórsson, forseti Íþróttasambands Íslands, Jón Pálsson, tómstundaráðunautur, Jónas B. Jónsson, skátaþöfðingi, Ólafur Egilsson, þáv. formaður Æskulýðssambands Íslands, Ólafur P. Kristjánsson, stórtemplar, séra Ólafur Skúlason, þáv. æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins og Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Frá því í sept. 1965 hefur Sigurður Þorkelsson, fulltrúi í fræðslumálastrifstofunni, verið ritari nefndarinnar.

Gagnasöfnun og undirbúningur.

Nefndin hefur safnað gögnum um opinberan stuðning við æskulýðsmál í nokkrum löndum. Sem fskj. með frv. fylgja ýmsar upplýsingar um skipan þessara mála í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Sambandslýðveldinu Þýzkalandi.

Nefndin hefur með tilstyrk Sambands íslenzkra sveitarfélaga safnað upplýsingum um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsmál. Þá hefur nefndin safnað ýmsum upplýsingum um framlög hinna frjálsu æskulýðssamtaka sjálfra til starfsemi sinnar, svo og var safnað upplýsingum um félags- og tónistundastarfsemi í skólum. Gerð voru sérstök spurningablöð í sambandi við hinum tvær síðastnefndu gagnasafnanir, svo að betra samræmi fengist og sainanburður. Listi hefur verið gerður um fjárveitingar til æskulýðsmála og skyldra mála í fjárlögum 1967.

Þá hefur nefndin safnað ýmsum hagskýrslulegum upplýsingum um fjölda æskufólks hér á landi eftir aldri og kyni o. s. frv.

Að frumkvæði nefndarinnar var boðið hingað til lands sérfræðingi í æskulýðsmálum, Jacobus W. Ooms að nafni, sem er framkvæmdastjóri Landssambands æskulýðsmiðstöðva í Hollandi, formaður Sambands hollenzkra æskulýðsfélaga og formaður stjórnskipaðrar nefndar, sem á að kanna möguleika á setningu heildarlögjafar um æskulýðsinál í Hollandi. Hann kom hingað til lands fyrir milligöngu UNESCO og með fjárhagslegum tilstyrk hollenzkra stjórnvalda. Sérfræðingurinn dvaldist hér á landi um tlu daga skeið og kynntist bæði starfsemi hinna frjálsu æskulýðsfélaga í borg og byggð og opinberri æskulýðssstarfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í sambandi við komu hans boðaði æskulýðslaganefnd til ráðstefnu um æskulýðsmál að Hlégarði í Mosfellssveit. Eftirtöldum aðilum var boðin þáttaka í fundinum: stjórn Æskulýðssambands Íslands og formönnum allra aðildarfélaga þess, en þau eru: Í.S.I., U.M.F.Í., Samband ungra framsóknarmanna, Samband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra sjálfstæðismanna, Æskulýðsfylkingin, Bandalag ísl. farfugla, Stúdentaráð, Ungtemplarar, Iðnnemasamband Íslands og Samband bindindisfélaga í skólum. Þá var og boðið á fundinn framkvæmdastjórum æskulýðsráðanna í Reykjavík, Kópavogi og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, framkvæmdastjórum Í.S.I. og Í.B.R., æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, séra Hjalta Guðmundssyni og fulltrúa frá K.F.U.M. og K. Nær allir þessara aðila áttu fulltrúa á fundinum. Var þarna tæki-færí fyrir þau æskulýðssamtök og þá aðila að æskulýðsmálum, sem ekki áttu fulltrúa í æskulýðslaganefnd, að koma skoðunum sínum á framfærí við nefndina.

Frv. það, er hér liggur fyrir, skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla eru almenn ákvæði um tilgang laganna og hvaða aðilar skuli njóta stuðnings samkvæmt þeim. Er þar í fyrsta lagi lögð áherzla á stuðning við svonefnda „frjálsa æskulýðssstarfsemi“, þ. e. hin fjölmörgu félagasamtök æskumanna sjálfra og áhugamanna um

æskulýðsmál. Nefndin telur miklu máli skipta, að þessi frjálsa starfsemi gegni áfram forustuhlutverki í íslenzkum æskulýðsmálum, og verði opinberum stuðningi einkum veitt til hennar í vaxandi mæli. Allmikill fjöldi æskufólks stendur þó utan við þessa félagastarfsemi. Þótt æskilegt sé, að unglingsar starfi sem mest innan æskulýðsfélaga í tómstundum, geta þó ýmsar ástæður valdið því, að þeir laðist ekki að slíku félagsstarfi. Má þar m. a. nefna skort á fjölbreytni og nýjungum í verkefnavali hinna gamalgrónu æskulýðsfélaga og tilhneigingu ýmiss æskufólks á vissu þroskaskeiði til að vera óháð og sjálftætt i eigin augum og annarra. Hvernig þetta æskufólk ver tómstundum sinum, telur nefndin ekki síður skipta máli. Það er einkum fyrir þennan hóp æskufólks, sem ýmis sveitar- og bæjarfélög hafa á síðari árum komið á fót nokkurri tómstundastarfsemi, þ. á m. svokölluðum „opnum húsum“, þar sem æskufólk i viðkomandi byggðarlagi er venjulega frjálst að koma að vild og njóta dægrastyttинга i menningarlegu umhverfi. Nefndin telur mikilvægt, að frumkvæði í þessum efnum verði áfram í höndum sömu aðila, þótt heimilt verði að leita til ríkisvaldsins um ýmiss konar stuðning, sé þess sérstök þörf. Nefndin telur að gæta þurfi þess vandlega, að eðlileg verkaskipting skapist milli afskipta sveitarfélaga annars vegar og skóla og frjálsra félaga hins vegar af æskulýðsmálum, þannig að afskiptum hinna fyrrnefndu verði haslaður völlur, þar sem afskiptum hinna síðarnefndu sleppir. Við samræmingu á starfsreglum æskulýðsráða kjördæma og æskulýðsnefnda sveitarfélaga þarf að leggja ríka áherzlu á þetta atriði.

Viðtæk æskulýðssstarfsemi fer fram innan skóla, bæði beint og óbeint, þar sem með nokkrum hætti má telja velflesta skólastarfsemi þjónustu við æskulýð. Nefndin telur, að félagslíf i skólum eigi fyrst og fremst að vera í höndum skólanna sjálfrfa, og þá aðallega nemenda hvers skóla. Þessa starfsemi telur nefndin svo mikilvæga, að hennar mætti ekki láta ógetið í lögum um æskulýðsmál. Heimilt er því innan ákveðinna marka að veita félagslíf i skólum nokkurn stuðning samkvæmt þessu frv. Meira máli skiptir þó, að eigi er unnt að líta fram hjá skólunum, ef samræma á aðgerðir í æskulýðsmálum þjóðarinnar. Afmarka þarf til nokkurrar hlítar afskipti skóla af nemendum utan kennslustunda og stuðla að samvinnu skóla við æskulýðsfélög og sveitarfélög um afnot skólahúsnaðis til æskulýðssstarfsemi á þeim tínum, sem kennsla fer ekki fram í húsnaðinu. Í því sambandi skal enn minnt á nauðsyn þess, að komið verði á skyngsamlegrí verkaskiptingu milli þessara aðila til þess að minnka togstreitu og tviverknað. Þess má geta, að á nokkrum undansörnum árum hefur menntamálaráðuneytið heimilað allt að 150 stunda afslátt af kennsluskyldu á viku í skólum gagnfræðastigs í Reykjavík vegna félags- og tómstundastarfs í þágu nemenda. Á skólaárinu 1964—1965 var varið 552 þús. kr. í þessu skyndi. Í frv. til laga um skólkostnað, sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi, er opnuð leið til þess að slíkur stuðningur nái til sambærilegra skóla annars staðar á landinu. Þá hefur menntamálaráðuneytið gengizt fyrir listkynningu í skólum á nokkrum undansörnum árum.

Rétt þótti að taka fram, að íþróttalög nr. 49/1956 væru áfram í fullu gildi, svo og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Íþróttasamtökum hafa nokkra sérstöðu meðal æskulýðsfélaga. Þau hafa myndað með sér sterkt heildarsamtök, sem standa fastari fótum skipulagslega og fjárhagslega en flest eða öll önnur æskulýðssamtök. Að sjálfssögðu er á engan hátt atlunin með lögum um æskulýðsmál að veikja þá aðstöðu, sem íþróttahreyfingin hefur skapað sér, heldur þvert á móti að leitast við að veita henni möguleika til nokkurs viðbótarstuðnings. Sviðu máli gegnir um bindindisstarfsemi.

EKKI þótti rétt að útiloka stjórnimála- og trúfélög, sem sinna æskulýðsmálum, frá að njóta góðs af lögum þessum eftir því sem efni kunna að standa til. Hefur sú stefna orðið ofan á í nágrannalöndunum, að opinber stuðningur í þessum efnum skuli miðast við, hver verkefnin séu, en ekki hvaða aðilar framkvæma þau. Sérstakar reglur þyrfti væntanlega að setja um stuðning við félög af þessu tagi til þess að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun.

Ákvæði um aldursmörk er sett til þess að vekja athygli á til hvaða aldursskeiðs

lögnum er einkum æftlað að ná. Ekki er þó talið kleift að rígbinda lögin við ákveðin mörk, þar sem næsta erfitt er að staðhæfa, hvenær bernsku þrýtur og æska hefst eða hvenær æskuskeiði lýkur og fullorðinsár byrja. Ekki virðist óeðlilegt að miða lögin fyrst og fremst við svonefnd „táningsaár“. Um 12 ára aldur má telja að kynþroskaskeið unglings hefjist almennt og um 21 árs aldur er nú á tímum algengt að æskufólk hafi fest ráð sitt og fara vandamál þess þá að verða frekar fullorðinslegs eðlis, þ. e. fjölskylduframfærsla, barnauppeldi, húsnæðismál o. s. frv. — Opinber afskipti af velferðarmálum barna innan 12 ára (reyndar allt að 16 ára aldri) er fyrst og fremst fjallað um í barnaverndarlögum. Framangreind mörk eru að eins til ábendingar um, að hvaða aldursskeiði lögnum skuli einbeitt sérstaklega, svo að fjárveitingar og annar stuðningur nýtist betur. Ef fjárveitingar og aðrar ástæður leyfa, er hins vegar í eðli sínu ekkert því til fyrirstöðu, og raunar æskilegt, að stuðningur laganna nái til starfsemi fyrir börn innan 12 ára aldurs og æskufólks eldra en 21 árs.

Annar kafli laganna fjallar um stjórн æskulýðsmála. Nefndin telur eðlilegt, að framkvæmd laga um æskulýðsmál heyri stjórnskipulega undir menntamálaráðherra og ráðuneyti hans. Sums staðar erlendis heyrir þessi málaflokkur t. d. undir félagsmálaráðuneytin, enn annars staðar hafa verið mynduð sérstök æskulýðsmálaráðuneyti. Mestu máli skiptir, að málaflokkur þessi heyri undir eitt ákveðið ráðuneyti, og eru æskulýðsmálin svo nátengd uppeldis- og skólamálum, að vel þykir fara á því, að þau falli undir það ráðuneyti, sem um þessi mál fjallar.

Ráðherra og ráðuneyti til aðstoðar í þessum efnum skal vera fimm manna ráð, er ber nafnið Æskulýðsráð ríkisins. Ráðinu er fyrst og fremst æftlað að vera ráðgefandi aðili. Höfuðhlutverk þess ætti að vera að samræma og samstilla þá krafta, sem að þessum málum vinna. Því er ekki æftlað að auka bein ríkisafskipti af æskulýðsmálum, heldur að stuðla að því, að störf þeirra aðila, sem nú vinna að slíkum málum, nýtist betur og markvissar. Þá er því æftlað að vera stjórnvöldum til aðstoðar við að skapa ákveðna stefnu í æskulýðsmálum í samræmi við efni og anda þessara laga, líkt og segja má að stefna hafi þegar verið mótuð í sambandi við einn þátt æskulýðsmála með lögfestingu og framkvæmd íþróttalaganna.

Nefndinni var nokkur vandi á höndum, er hún skyldi semja ákvæði um, hvernig ráð þetta skyldi skipað. Töldu ýmsir, að höfuðáherzlu bæri að leggja á, að þeir, sem nú vinna að æskulýðsmálum í reynd, ættu sem flesta fulltrúa til þess að geta gert sig þar gildandi, enda væri þá nokkur trygging fyrir því, að í ráðinu væru menn með reynslu og þekkingu í þessum efnum. Aðrir töldu, að megináherzlu bæri að leggja á, að ráðsmenn hefðu sein styrkasta aðstöðu gagnvart framkvæmda- og fjárveitingavaldi. Nefndin hefur reynt að fara til beggja og leggur til, að ráðið verði að meirihluta skipað fulltrúum starfandi æskulýðssambanda, menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar, en fimmtí fulltrúinn skal tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, til þess að skapa tengsl við æskulýðsstarfsemi bæjar- og sveitarfélaga.

Auk þess sem áður er talið, er hlutverk ráðsins að safna gögnum um æskulýðsmál og fylgjast með þróun þeirra mála. Nefndin hefur orðið þess áskynja, að eigi liggja fyrir heildarskýrslur um starfsemi æskulýðsfélaga svo sem þyrfti að vera, né heldur fullnægjandi skýrslur um aðra æskulýðsstarfsemi. Nefndin hefur lítillega reynt að bæta úr þessu, svo sem fylgiskjöl sýna, en skort aðstöðu til að safna viðhlítandi skýrslum um þessi efni, heldur er aðeins um upplýsingasöfnun að ræða til þess að nefndin gæti sjálf fengið í mjög stórum dráttum nokkra yfirsýn yfir aðstæður á þessu svíði á Íslandi í dag. Á það hefur verið bent, að til þess að ráða fram úr vandamálum æskulýðsins er nauðsynlegt að hafa sem gleggstar upplýsingar um orsakir þeirra. Því er tímabært, að uppeldis- og félagsfræðilegar rannsóknir verði gerðar hér á landi á breiðum grundvelli, þeim stöðugt halddið áfram og niðurstöður þeirra hagnýttar á hverjum tíma. Slikar rannsóknir telur nefndin að eigi að vera eitt allra fyrsta verkefni Æskulýðsráðs og í því skyni m. a. er ráðinu í 4. gr. veitt heimild til að leita sérfræðilegrar þjónustu.

Meðal verkefna ráðsins er að efna til umræðufunda og/eða ráðstefna um æskulýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Myndi ýmist vera um að ræða fámenna umræðufundi sérfræðinga á vissum sviðum þessara mála eða fjölmennari æskulýðsmálaráðstefnur með þáttöku fulltrúa frá áhrifamiklum stofnunum og félagsheildum, svo sem gert er ráð syrir í þingsályktunartillögu Páls alþm. Þorsteinsonar o. fl. á þskj. 50, 1963. Einnig má hugsa sér, að sílikar ráðstefnur verði, ef ástæður þykja til, haldnar til að fjalla sérstaklega um æskulýðsmál einstakra landshluta með þáttöku þeirra aðila, sem þar eru kunnugastir.

Þá er hlutverk ráðsins að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til æskulýðsmála, en þær tillögur myndu m. a. byggðar á tillögum æskulýðsráða kjördæma um fjárbörf til þessara mála við vegar um landið. Það skal skýrt tekið fram, að nefndin telur að í engu megi skerða þær fjárveitingar og þann fjárstuðning, sem einstök æskulýðssamtök njóta í dag. Með þessu er t. d. átt við, að I. S. Í. haldi óskertum öllum sínum tekjulindum að tilstuðlan hins opinbera, en njóti viðbótarstuðnings til framgangs tiltekinna málefna fyrir tilstilli Æskulýðsráðs ríkisins. Fjárveitingatillögur Æskulýðsráðs miðist fyrst og fremst við hin almennu verkefni ráðsins sjálfs, svo sem gagnasöfnun, rannsóknarstarfsemi og ráðstefnuhöld, og hin sérstöku verkefni, svo sem þjálfunar- og leiðtogamál og stuðning við ferðamál æskulýðs.

Gert er ráð fyrir, að ráðinn verði sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins, er annist framkvæmdastjórn fyrir Æskulýðsráð. Slikur fulltrúi hlýtur að starfa í náinni samvinnu við íþróttafulltrúa ríkisins, æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar og framkvæmdastjóra hinna ýmsu æskulýðsráða sveitarfélaganna. En hvernig þeirri samvinnu verður háttáð, er rétt að skipað verði með reglugerð, þegar nokkur reynsla hefur fengið af starfi fulltrúans og sýnt er, hver verður hin æskilega þróun og heppilegast fyrirkomulag í þessum efnum. Þegar höfð eru í huga þau skipulagsstörf, sem íþróttafulltrúi hefur unnið á sínu sviði, og þær byggingar félagsheimila og íþróttamannvirkja, sem reistar hafa verið, meðan hann hefur verið framkvæmdastjóri íþróttá- og félagsheimilasjóðanna, verður ljóst, hverju dugmikill æskulýðsfulltrúi ríkisins gæti áorkað í þágu þeirra verkefna, sem þessi lög fjalla um.

Í hverju kjördæmi skal vera æskulýðsráð. Tala fulltrúa í því fari eftir aðstæðum í hverju kjördæmi, en gert er ráð fyrir, að þeir verði eigi færri en fimm. Talið er æskilegt, að í hverju kjördæmi starfi slikt ráð, er hafi yfirsýn yfir þarfir þess svæðis í æskulýðsmálum. Reynslan verður að skera úr um, hvort unnt verður að koma á fót starfhæfum ráðum í öllum kjördæmum, en ýmislegt bendir til, að bættar samgöngur og aukinn skilningur á samvinnu stærri svæða að sameiginlegum áhugamálum beini þróuninni í þessa átt. Ætlazt er til, að sveitarstjórnaraðilar í hverju kjördæmi undir forstu Sambands ísl. sveitarfélaga semji þessum ráðum starfsreglur. Sambandið myndi væntanlega semja fyrirmund að slikum reglum, sem síðan yrði stuðzt við í aðalatriðum á hverjum stað. Aðild sambandsins og ráðuneytisins að reglunum yrði til að tryggja, að nokkurt samræmi yrði á milli þeirra innbyrðis, en slikt er mikilvægt með tilliti til verkaskiptingar og heildarstefnu í þessum málum.

Í hverju kjördæmi starfa í dag á ýmsum stöðum, sérstaklega í kaupstöðum, sjálfstæð æskulýðsráð eða nefndir. Lögin gera ráð fyrir, að þær starfi áfram og nýjar verði stofnaðar, eftir því sem sveitarstjórnnum sjálfum sýnist. Er jafnvel hugsanlegt, að af landfræðilegum eða tímabundnum ástæðum verði ekki stofnuð æskulýðsráð í einhverju kjördæmi í bráð, og kæmu þá sílikar nefndir í þeirra stað. Er æskilegt, að sjálfræði og frumkvæði sveitarfélaga í þessum efnum verði í engu skert, en mikilvægt er, að starfsreglur slíkra æskulýðsnefnda verði samræmdar eftir föngum, sérstaklega í því skyni, að þær fari ekki inn á svið hinna frjálsu æskulýðssamtaka, þar sem þau eru virk. Í lögunum eru þessar starfseiningar kallaðar nefndir til aðgreiningar frá Æskulýðsráði ríkisins og æskulýðsráðum kjördæma, en ef viðkomandi aðilar kjósa af einhverjum ástæðum að kalla nefndirnar

öðrum nöfnum, t. d. í kaupstöðum, þar sem nú eru starfandi æskulýðsráð, þá sýnist varla neitt því til fyrirstöðu, þótt til hægri verka sé þeim valið heitið nefnd í lögunum.

Allir þeir aðilar, sem sinna æskulýðsstarfsemi hér á landi, virðast sammála um, að eitt af því, sem einna helzt hái sílkri starfsemi, sé skortur á þjálfuðum leiðbeinendum og fjárhagsleg vangeta til þess að greiða sílikum leiðbeinendum laun. Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allt að 50% kostnaðar við þjálfun leiðbeinenda og allt að 50% af launum þeirra. Verður að líta svo á, að íþróttahreyfingin eigi að njóta tilsvarandi styrkja frá íþróttasjóði, þ. e. 50% af kostnaði við íþróttakennslu. Annan leiðbeinendakostnað er ætlazt til að sveitarfélög greiði, sbr. 11. gr., svo og æskulýðssamtökum sjálf. Dæmigerð viðfangsefni leiðbeinenda: leikstjórn, söngstjórn, föndur ýmiss konar, sjó- og búvinna, dans, skák, bridge, skátun, bindindisfræðsla, félagsfræðsla og íþróttir. — En rétt væri, að íþróttir nytu þessa hundraðsluta í styrk úr íþróttasjóði.

Ákvæði um þennan fjárstuðning ríkissjóðs er heimildarákvæði, þar sem ekki er vitað fyrirfram, hversu mikið fé verður veitt í þessu skyni. Sveitarfélög og æskulýðsfélög eiga því enga lagalega kröfu á sílikum stuðningi, heldur takmarkast hann við fjárveitingar á hverjum tíma. Hins vegar kunna heimildarákvæði af framangreindu tagi e. t. v. að skapa siðferðilegar skyldur og bona fide eftirvæntingu um fjárhagslegan stuðning.

Annað atriði, sem menn virðast sammála um að hái mjög æskulýðsstarfsemi, er skortur á leiðtogum, þ. e. mönnum, sem hafa vilja og getu til þess að stjórna félagsmálum og skipuleggja þau. Segja má að vísu, að leiðtogaþæfileikar séu meðfæddir og verði ekki áunnir, en allmikil reynsla er fyrir því erlendis og nokkur hérlandis, að leiðtoganámskeið hafi orðið til þess að örva menn til ýmiss konar forustustarfa í félagslífi og gera menn hæfari til þess að gegna sílikum störfum. Á leiðtoganámskeiðum er m. a. kennd nokkur þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði og siðfræði og t. d. veitt einhver tilsogn í ræðumennsku, fundarsköpum, fundarstjórn, leikjum, ferðastjórn, stjórnsýslu- og skipulagsmálum félaga o. s. frv., allt eftir því hvers konar leiðtogaþörfum stefnt er að. Eðlilegt þykir, að ríkissjóður greiði allan kostnað við þessi námskeið, enda gangist Æskulýðsráð ríkisins fyrir, að þau verði haldin, annað hvort eitt eða það samþykki stuðning við sílik námskeið á vegum einstakra félagsamtaka, og menntamálaráðuneytið setji um bau reglur. Í lögum um Kennaraskóla Íslands og frv., sem samið hefur verið um íþróttakennaraskóla Íslands, eru ráðgerð námskeið svipuð þeim og hér er átt við, og er því gert ráð fyrir þeim möguleika, að samvínna verði höfð við þessa skóla um sílik námskeið, ef henta þykir.

9. gr. frv. fjallar um stuðning við sumarbúðir, útvistarsvæði og ferðalög. Mönnum eru enn í fersku minni ólæti þau, sem urðu í Þjórsárdal sumarið 1963, og hliðstæðir athurðir hafa gerzt viðar um land á síðari árum, svo sem á Þingvöllum, Hreðavatni, Laugarvatni, Þórmörk, Vaglaskógi, Hallormsstaðaskógi og í Reykjavík. Það er skoðun nefndarinnar, að ein höfuðástæðan til þess losara-brags, sem oft á tíðum skapast á útiskemmtunum æskufólks viðsvegar um landið, sé skortur á aðstöðu til leikja og dægradvala og aðrar ófullnægjandi ytri aðstæður, svo sem í hreinlætisefnum. Með því að bæta þessar aðstæður væri stigið mikilvægt skref í þá átt að búa betur í haginn fyrir menningarlegri umgengnisháttum á útvistarsvæðum. Eðlilegt er, að hin frjálsu æskulýðsfélög og viðkomandi sveitarfélög hafi frumkvæði á þessu svíði, en ríkisvaldið styrki sílikum viðleitni eftir ákveðnum reglum. Sérstök tegund af útvistarsvæðum eru hin svonefndu tjaldbúðasvæði (camping), sem gjarnan mættu tilkast hér meira að útlendri fyrirmynnd, en á sílikum svæðum gefst mönnum gegn vægu gjaldi kostur á vissri aðstöðu til útvistar, enda gilda þá ströng og ákveðin fyrirmæli um góða umgengni og reglusemi. Sumarbúðir eru bæði hér á landi og erlendis snar þáttur í æskulýðsstarfsemi, en með sumarbúðum er fyrst og fremst átt við dvalarstaði í varanlegum húsakynnum, þar

sem ungu fólkis gefst kostur að dveljast að sumarlagi við leiki og störf undir stjórnum þjálfaðra æskulýðsleiðtoga. Ekki er að sjálfsögðu ætlazt til, að sumardvalarheimili barna njóti stuðnings skv. þessu ákvæði.

Alþjóðleg samvinna í æskulýðsmálum fer æ vaxandi með bættum og ódýrari samgöngum, og vildi nefndin leggja áherzlu á mikilvægi þessa samstarfs með heimildarákvæði um stuðning við það innan ákveðinna marka. Er bæði átt við alþjóðamót haldin hér á landi og þátttöku í slíkum mótmum á erlendri grund. Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um heimild i frv. til beins stuðnings við innanlandsferðalög, heldur talið hagkvæmara að einbeita rikisaðstoð að framangreindum stuðningi við sumarbúðir og útvistarsvæði, en ætla má, að þannig nýttist drýgst það takmarkaða fjármagn, sem væntanlega yrði fyrst í stað til umráða í þessu skyni.

Í 10. gr. eru opnaðir möguleikar til þess að styðja fleiri verkefni en þau, sem talin eru upp í öðrum ákvæðum frv. Er þá einkum höfð í huga útgáfustarfsemi, fræðslunámskeið og ýmiss konar starfsemi, sem halddið er uppi í svonefndum „opnum húsum.“ Þá er í gr. gert ráð fyrir stuðningi við nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, en einskis ber að láta ófreistað til þess að kanna nýjar leiðir á þessu sviði, en breyttir tímar hljóta jafnan að kalla á nokkur ný úrræði jafnhliða því sem halddið verði áfram gamalreyndum og viðurkenndum vinnubrögðum í þessum efnum. Fjölmíðunartæki nútímans, svo sem sjónvarp, virðast t. d. bjóða upp á ýmsa möguleika á nýjungum í æskulýðsstarfi. Þá er og í gr. veitt heimild til þess að styðja ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, sem upp kunna að koma. Eru hér hafðir í huga atburðir eins og í Þjórsárdal á árunum, en eðlilegt er, að stjórnvöld verði við því búin að mæta slíkum skyndivandræðum, annað hvort sjálf eða með stuðningi við þá aðila aðra, sem bezt væru til til þess fallnir að fjalla um slík vandamál. Þar sem heimildarákv. gr. eru allvíðtæk, væri rétt að setja um þau nánari reglur í sambandi við reglugerðarsetningu skv. 12. gr.

Síðasti kafli frv. fjallar um stuðning bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál. Eins og áður er að vikið, hafa ýmis sveitarfélög látið sig æskulýðsmál miklu skipta. Nefndin telur rétt, að heilbrigð og æskileg samvinna skapist milli ríkisvalds og sveitarstjórna í þessum málum. Sveitarfélög hafa venjulega sérstaklega mikilla hagsmunu að gæta á þessu sviði. Margvisleg vandamál skapast í þéttbýli í sambandi við æskulýðinn, m. a. sökum margbreyleika og ýmiss konar „freistinga“, en í strjálbýli er orsakanna oft að leita í fábreytileik og óyndi af þeim sökum. Pessi vandi brennur því einna heitast á sveitarfélögunum og því riður á miklu, að frumkvæði þeirra og framtaki í æskulýðsmálum sé veittur nokkur atbeini af hálfu ríkisvaldsins um leið og aðild sveitarfélagna er nauðsynlegur þáttur í þeirri samræmingu og því samstillta átaki, sem þessu frv. er ætlað að stuðla að í æskulýðsmálum. Ætlunin er, að Samband ísl. sveitarfélaga verði tengiliður við ríkisvaldið að þessu leyti. Sambandið beiti sér fyrir, að samdar verði reglur um, hvernig slíkum stuðningi verði hártað í meginþráttum, en menntamálaráðherra staðfesti síðan reglurnar, að höfðu samráði við Æskulýðsráð ríkisins. Ákvæðið stefnir að því marki að skapa frjálslega og vinsamlega samvinnu milli ríkisvalds og sveitarfélaga í þessu tilliti. Þannig að allir aðilar megi vera fullsæmdir af. Stuðningi sveitarfélaga er m. a. ætlað að ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði, en að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að stuðningur þeirra beinist að fleiri þáttum, ef fé og vilji er fyrir hendi í því skyni.

Þess skal getið, að ætlazt er til, að sá aðili, sem ákveði, hvort heimildarákvæði þessa frv. séu notuð, sé menntamálaráðuneytið, að höfðu samráði við Æskulýðsráð ríkisins, enda séu nauðsynlegar fjárvéitingar fyrir hendi. Annars mun væntanlega fyrst og fremst reyna á, hvort heimildirnar verði notaðar, með samþykki eða synjunum framkvæmdavalda og löggjafarvalds á fjárvéitingatillögum Æskulýðsráðs, sbr. 3. gr.

Hafa nú í stórum dráttum verið rakin meginatriði þessa frv.

Það skal tekið fram, að nefndin hefur ekki talið innan verksviðs síns að gera tillögur um beinar ráðstafanir til úrbóta á vandamálum unglings með sérstök hegðunarvandkvæði („vandræðaunglinga“), þótt ákv. frv. hnigi að sjálfssögðu í þá átt að stuðla að því að skapa æskufólki þær aðstæður í tómstundum, að fyrirbyggt verði svo sem unnt er, að unglings verði sjálfum sér og öðrum til vandræða sökuní skorts á hæfilegum og aðlaðandi verkefnum utan starfstíma í skólam og öðrum verkstöðum. Frv. er með öðrum orðum ætlað að hafa fyrirbyggjandi áhrif, að byrgja brunninn. —

Geta má þess, að starfrækt er vistheimili drengja í Breiðavík í Barðastrandarsýslu og stúlkaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi fyrir unglings með hegðunarvandkvæði. Ríkið sér um rekstur hins fyrrnefnda, en Hjálpræðisherinn hins síðarnefnda. Ríkissjóður greiðir meginhluta kostnaðar. Þá er árlega veittur fjárlagastyrkur (1967 kr. 250 þús.) til náms- og hælisvistar erlendis fyrir stúlkur, sem lent hafa á glapstigum. Þá starfa á Jaðri og í Hlaðgerðarkoti við Reykjavík heimavistarskólar fyrir börn og unglings (allt að 16 ára), sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum í námi vegna heimilisástaðna og af öðrum svipuðum orsökum.

Rétt er að hafa í huga, að engin töframeðöl eru tiltæk hér á landi frekar en annars staðar í því skyni að leysa svonefnd „æskulýðsvandamál“. Þessi vandamál eru reyndar í dag aðeins einn þáttur þess vanda að lifa og hrærast í fjölpættu og síbreytilegu þjóðfélagi nútímans. Þetta er eitt þeirra „vandamála“ sem sifellt hljóta að búa með sérhverri þjóð og aldrei verða leyst til fullnaðar, en ávallt kalla á ný úrræði með hverri kynslóð, þar sem fyrst og fremst kann að reyna á þolinmæði og umburðarlyndi þeirra, sem um þessi mál fjalla á hverjum tíma.

Ýmsum kann e. t. v. að þykja, að eigi sé nógum hátt reitt til höggs i frv. þessu til lausnar á vandamálum æskulýðsins, opinberir aðilar eigi lögskyldir til stórfelldra fjárfamlaga né ruddar nýjar og áður ókunnar leiðir til úrbóta. Nefndin telur þó, að verði frv. þetta lögfest, sé unnt innan ramma þess að hrinda í framkvæmd flestum þeim úrræðum, sem nú eru kunn, til þess að veita æskufólki „þroskandi verkefni í tómstundum“, ef ríki og sveitarfélög hafa vilja og getu til að veita það fé til þessara mála, sem nauðsyn krefur til þess að kleift sé að sinna þeim á fullnægjandi og áhrifaríkan hátt. Þá er eigi síður mikilvægt, að dugmiklir og farsælir menn veljist í æskulýðsráð og nefndir og embætti æskulýðsfulltrúa að ógleymdu því, að skynsamleg samvinna og verkaskipting takist milli opinberra aðila og hinnar frjálsu æskulýðssstarfsemi, og áfram veljist til forstu í æskulýðssamtökunum fórnfúsir og áhugasamir leiðtogar.

Nefndin hefur af ásettu ráði sneitt hjá því að segja nákvæmlega og tæmandi fyrir um framkvæmd einstakra atriða í löggjöfinni, heldur er ætlunin, að þeim verði skipað með reglugerðum, eftir því sem þróun og reynsla kann að gefa tilefni til. Nefndin telur, að rúm rammalöggjöf, eins og frv. þetta felur í sér, henti bezt svo lifandi og frjóvu efni, sem hér um teflir. Það er von nefndarinnar, að slík rammalöggjöf megi verða til þess að skapa skilyrði fyrir framsýna og markvísa stefnu í æskulýðsmálum þjóðarinnar, sem verði íslenzkum æskulýð til heilla á ókomnum árum.

ÆSKULÝÐSSTARFSEMI Á ÍSLANDI

Bandalag íslenzkra farfugla.

Fyrsta farfuglafélagið, Farfuglafélag Reykjavíkur, stofnað 1930. Annað farfuglafélag er starfrækt á Akureyri.

Bandalag íslenzkra farfugla. Stofnað 1939. Sambandsfélagar um 880 (1966). Bandalagið er aðili að Alþjóðabandalagi farfugla (I.Y.H.F.).

Tilgangur farfuglahreyfingarinnar er fyrst og fremst að stuðla að auknu útlifi ungs fólks og kynningu þjóða í milli. Farfuglar eiga kost á ferðalögum, heil-

brigðu skemmtanalifi og margvíslegu tómstundastarfi innan lands og utan. Þess er jafnan gætt, að öll fyrirgreiðsla, sem bandalagið veitir félögum sínum, sé svo ódýr sem frekast er unnt. Með aðild bandalagsins að alþjóðasamtökum farfugla gilda félagsskirteini þess hvar sem er í heiminum hjá farfuglafélögum innan þessara alþjóðasamtaka, en þau reka viða ódýr gistiheimili. Hér á landi eru tvö gistiheimili rekin á vegum samtakanna (Reykjavík og Akureyri), og mun því eitt aðalstarf bandalagsins á næstu árum beinast að því að koma slikum farfuglaheimilum upp viða.

Undanfarin ár hefur ríkissjóður veitt árlega kr. 25 000 til bandalagsins, en einnig kr. 150 000 til húsnæðiskaupa, sem koma til útborgunar árin 1965 og 1966, kr. 75 000 hvort ár.

Aðrir tekjustofnar eru skattar sambandsfélaga, sem nema 20% af skírteinisgjaldi, sem nemur kr. 40.00. Þessi upphæð mun nema nálægt kr. 7000 árlega, en breyting á skírteinisgjaldi er fyrirhuguð.

Öll störf, sem félagsmenn hafa innt af hendi í þágu samtakanna, eru unnin án endurgjalds.

Helztu kostnaðarliðir Farfugladeildar Reykjavíkur árið 1963, sem þá fór með málefni B. Í. F., voru þessir:

Viðhald skála	kr. 12.500
Gjald til alþjóðasamtaka	— 8 100
Félagsblað	— 8 100
Keypt teppi, rúm o. fl.	— 32 300

Auk þessa voru greiddar kr. 400 þús. sem fyrsta útborgun vegna húsnæðiskaupa. Kaupverð þeirrar eignar var kr. 1600 þús. Við það bætist kostnaður við breytingu á húsnæðinu, sem nam nokkuð á annað hundrað þúsund krónum.

Bandalag íslenzkra skáta.

Fyrsta sjálfstæða íslenzka skátafélag drengja er stofnað 1912 (innan KFUM er starfað fyrir 1912 að skátaíþróttum, en stofnað skátafélag 1913). Árið 1924 er stofnað Bandalag íslenzkra skáta, er verður strax aðili að Alþjóðasambandi skáta. Árið 1922 er stofnað fyrsta íslenzka kvenskátafélagið. Árið 1944 eru kvenskátafélöginn tekin inn í Bandalag íslenzkra skáta. Árið 1966 starfaði 31 sambandsfélag á 27 stöðum með samtals 4134 félögum.

Markmið bandalagsins er að efla unga menn og konur til þess að verða traustir borgarar íslenzka ríkisins, með því að temja þeim drengskap, þjálfa athyglisgáfu þeirra, hlýðni og sjálfstraust, brýna fyrir þeim föðurlandsást, hugrekki, þegnskap og tillitssemi, kenna þeim ýmis störf, nytsöm sjálfum þeim og almenningi, og efla sálarstyrk þeirra og líkamsþrek.

Tekjur bandalagsins árið 1963:

Ríkisstýrkur	kr. 150 þús.
Merkjasala	— 80 —
Útgáfustarfsemi	— 15 —
Skattur	— 35 —

Samtals kr. 280 þús.

Auk þess styrkur Reykjavíkurborgar til Kvenskátaskólans að Úlfþjótsvatni kr. 35 000.

Helztu tekjur sambandsfélaganna voru:

Félagsgjöld	kr. 143 þús.
Tekjur af skeytum	— 185 —

Tekjur af bazar	kr. 75 þús.
Frá sveitarfélögum og félagsheimilasjóði ...	— 130 —
Frá ríki	— 25 —

Samtals kr. 558 þús.

Skátafélögin eiga nú 11 skátaheimili í bæjum og nokkra skátaskála á fjöllum. Viða látu bæjar- og sveitarfélög skátum í té afnot af húsnæði til fundahalda, einkum í skólum.

Árið 1965 hækkaði ríkisstyrkur til bandalagsins úr kr. 150 þús. í 250 þús. og sama ár var veitt fyrsta fjárveiting af þremur, kr. 100 þús., til húsnæðiskaupa. Til skáta-hreyfingarinnar hefur ríkissjóður veitt í fjárlögum árið 1965:

Til bandalagsins	kr. 250 þús.
— húsnæðiskaupa	— 100 —
— hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði	— 50 —
— — vegna fiskasýningar	— 100 —

Alls kr. 500 þús.

Árið 1966:

Til bandalagsins	kr. 250 þús.
— húsnæðiskaupa	— 100 —
— hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði	— 50 —
— — — Reykjavík	— 50 —
— Einherja á Ísafirði	— 50 —

Alls kr. 500 þús.

Í 30 ár hefur B. Í. S. gefið út skátablað og frá upphafi félagsskaparins hafa verið gefin út fræðslurit og foringjablöð. B. Í. S. starfrækir skrifstofu í Reykjavík. Skáta-félag Reykjavíkur, Kvenskátafélag Reykjavíkur og B. Í. S. starfrækja sumarbúðir að Úlflijótsvatni hvert summar. Flest skátafélög starfrækja útilegur í tjöldum eða skálum á öllum árstínum.

Í umræðum félagsforingja og stjórnar Bandalags ísl. skáta hefur það sjónarmið verið ráðandi, að hagkvæmasti stuðningur hins opinbera við einstök skátafélög væri sá að sjá þeim fyrir húsnæði og styrkjum til viðhalds því og greiðslu reksturskostnaðar. Félögunum og bandalaginu er nauðsynlegt að fá fjármagn til greiðslu viðtækrar foringja- og leiðbeinendamenntunar.

Íþróttasamband Íslands.

Snemma á síðstu öld verður vart áhuga á myndun félaga um iðkun íþróttta (framfarafélög, ræktunarfélag, skotfélög (t. d. í Reykjavík 1867), glímufélög, sundfélög). Öll þessi félög líða undir lok eftir stutt starf.

Fyrir félagsleg áhrif frá góðtemplarastíku í Reykjavík er Glímufélagið Ármanн stofnað 1888. Um aldamótin 1900 eru stofnuð viða um land íþróttafélög, t. d. Knattspyrnufélag Reykjavíkur (1889); Íþróttafélag Reykjavíkur (1907); Glímufél. Grettir, Akureyri (1904); Eyrarbakka, Þingeyri, Seyðisfirði o. s. frv.

Árið 1912 er stofnað Íþróttasamband Ísland (Í.S.Í.).

Eftir að landinu var skipt í íþróttahérað (1912), var skipulagi Í.S.Í. breytt þannig, að íþróttabandalög (félagsleg samtök) mynduðust í kaupstöðum (9) og hér-aðssambönd 17 talsins, sem ná yfir kaupstaði (5) og sýslur (21). Þá hafa einnig verið að myndast innan Í.S.Í. samtök þeirra félaga, sem iðka sömu íþróttarein, sérsambönd, og eru þau 8 talsins (1966).

Félagar í 239 aðildarfélögum Í.S.Í. eru 28092 (1965) og þar af virkir íþróttaiðkendur 22012 (1965). Á 10 árum hefur orðið um 100% aukning virkra félaga. Frá því 1943 hefur Í.S.Í. starfrækt skrifstofu og haft framkvæmdastjóra.

Allt frá stofnun Í.S.Í. hefur það annað útgáfu fræðslurita og leikreglna. „Íþróttablaðið“, 10 tbl. á ári, er gefið út af Í.S.Í.

Tilgangur sambandsins er að efla, samræma og skipuleggja alla íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu. Það er fulltrúi Íslands í íþróttamálum áhugamanna gagnvart öðrum þjóðum. Í.S.F. er lögum samkvæmt æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu.

Í.S.Í. er aðili að Alþjóða-Olympíunefndinni og ýmsum alþjóða-sérsamböndum. Sérsambönd Í.S.Í. eru aðilar að alþjóðasamböndum þeirra íþróttareina, sem þau annast. Auk þessa er Í.S.Í. eða undiraðilar þess þátttakendur í norrænu samstarfi um íþróttamál.

Undanfarin ár hefur ríkissjóður veitt í fjárlögum styrk til reksturs Í.S.Í., enn fremur til utanfara iþróttamanna og námskeiða og til öflunar húsnæðis. Auk þessa, skv. 22. gr. fjárlaga, nýtur Í.S.Í. $22\frac{1}{2}$ eyris af andvirði hvers selds vindlingapakka. Ýmis sérsambond og nefndir Í.S.Í. hafa auk þessa fengið sérstakar fjárvéitingar.

I fjárlögum 1964 voru veittar kr. 350 þúsund til sérsambanda og nefnda, en til I.S.I. til reksturs kr. 250 þús., til utanfara íþróttamanna og námskeiða kr. 300 þús. og húsnæðis 150 þús. kr., auk styrksins skv. 22. gr. fjárlaga.

Árið 1965 námu styrkir í fjárlögum til sérsambanda og nefndu kr. 200.000, en til Í.S.Í.:

Til reksturs	kr.	250 000
— utanfara og námskeiða	—	300 000
	Kr.	550 000
Skv. 22. gr.	—	2 600 000
	Kr.	3 150 000
Ríkisstyrkur samtals	kr.	3 350 000

Árið 1964 veitti Reykjavíkurborg:

Til f.s.f. kr. 200 000
 — Íþróttabandalags Reykjavíkur — 1 726 000

Skattur til sambandsins frá aðildarfélögum er 5 kr. fyrir hvern félaga 16 ára og eldri.

Fjárhagslegur stuðningur til félaganna af hálfu Í.S.Í. hefur verið sá, að Í.S.Í. úthlutar til beirra kennslustyrkjum, sem íþróttanefnd ríkisins veitir úr íþróttasjóði. Þá hefur Í.S.Í. úthlutað utanfararstyrkjum til sambandsaðila af því fé, sem til þess er veitt i fjárlögum. Héraðssambönd og sérsambönd hafa verið styrkt verulega til fræðslu- og útbreiðslustarfa af tekjum skv. 22. gr. fjárlaga.

Helstu gjaldaliðir reiknings Í.S.Í. árið 1965 voru bessir:

Styrkir til aðila innan Í.S.f.	kr. 1 306	pús.
Íþróttablaðið	—	265
Afskriftir	—	161
Skrifstofukostnaður o. fl.	—	496

Pegnskaparvinna er unnin af stjórnnum og nefndum sambandsaðila Í.S.Í., og er svo einnig um ýmsa bíalfara og leiðbeinendur (300 af 650).

Fjárbörfin er talin mest til íþróttamannvirkja, fræðslu, námskeiða leiðbeinenda, útbreiðsluturfa, íþróttakennslu og öflunar leiðbeinenda. Sjálfboðavinna við mörg íþróttamannvirki er mikil.

K.F.U.M. og K.

Fyrsta Kristilegt félög ungra manna (K.F.U.M.) var stofnað í Reykjavík 1899. Kristileg félög ungra manna eru nú starfandi á 5 stöðum og telja 3500 félaga. Félögin starfa í fjórum deildum: Vinadeild, Yngrideild, Unglingadeild og Aðaldeild. Kristilegt félög ungra kvenna (K.F.U.K.) var stofnað 1899 (3 mánuðir eftir K.F.U.M.) og starfa slik félög nú á 5 stöðum með um 3000 félagskonum. Félögin eiga samkomuhús í 3 kaupstöðum.

Landssamband K.F.U.M. var stofnað 1953. Sambandið er upprunalega stofnað vegna skipulags alþjóðasambands K.F.U.M. (World Alliance of Y.M.C.A.) til þess að vera tengiliður milli aðalstöðva þess í Genf og einstakra félaga þess hér á landi, þar eðalþjóðahreyfingin skv. skipulagi sínu hefur ekki beint samband við einstök félög.

Verksvið sambandsins er ekki að styrkja félögin fjárhagslega og hefur það ekki bolmagn til þess. Það hefur mest komið í hlut K.F.U.M. í Reykjavík að aðstoða hin félögin við lánveitingar og fjármál, eftir því sem aðstæður hafa leyft.

Opinberir styrkir hafa engir verið til sambandsins. Leitazt hefur verið við að þurfa ekki að sækja um opinbera styrki, en fjár aflað með frjálsum framlögum velunnara.

Á fjórum stöðum starfrækja K.F.U.M. og K. sumarbúðir. Sumarbúðir K.F.U.M. í Vatnaskógi hafa hlotið árlega kr. 25 000 styrk í fjárlögum nokkur síðastliðin árin.

Starf í einstökum félögum er unnið í sjálfboðavinnu, svo og kennsla leiðbeinenda og foringja. Vinna við að reisa sumarbúðir og halda þeim við hefur að miklum hluta verið lögð fram sem sjálfboðavinna.

K.F.U.K. hefur ekkert „landssamband“, en þar sem þau starfa á sömu stöðum og K.F.U.M. er samstarf mjög náið, t. d. eru félagshús sameign félaganna.

Góðtemplarareglan á Íslandi.

Fyrsta íslenzka Góðtemplarastúkan er stofnuð á Akureyri 1884.

Heildarsamtök Góðtemplarastúknanna, Stórstúka Íslands, stofnuð 1886.

Fyrsta íslenzka barnastúkan stofnuð 1886 (stúkan Æskan nr. 1, Reykjavík).

Innan Stórstúku Íslands hafa barna- og unglingastúkurnar sitt eigið barnastúkuþing, og þeim er stjórnað af stórgæzlumanni unglingastarfs, sem á sæti í Stórstúku Íslands.

Barnastúkur eru 65 (1966). Aldur félaga 8—16 ára. Fjöldi félaga 7720 (1966).

Sérstök starfsemi, Ungtemplarar, var 1958 stofnuð í nánum tengslum við Stórstúku Íslands, t. d. kjósa þeir sérstakan stórgæzlumann, sem á sæti í Stórstúku Íslands.

Ungtemplarar vinna gegn áfengisbölínú, án þess að félögin séu bundin eins hinu hefðbundna fundaformi IOGT. Slík Ungtemplarafélög eru nú 10 talsins með um 800 félagsmenn (1965).

Stórstúka Íslands er aðili að Alþjóðasamtökum IOGT, Hástükunni — (International Order of Good-Templars) og sambandi IOGT á Norðurlöndum. Íslenzkir Ungtemplarar eru aðilar að samtökum hliðstæðra félaga á Norðurlöndum.

Innan Stórstúku Íslands eru nú 36 góðtemplarastúkur, sem vinna saman í umdæmisstúkum. Félagafjöldi 2879 (1965). Umdæmisstúkur eru nú þrjár (Reykjavík og nágrenni, Norðurland og Vestfirðir). Í sérstöku þéttbýli vinna stúkufélagar saman í þingstúkum (t. d. Reykjavík, Eyrarbakki o. s. frv.). Þingstúka Reykjavíkur starfrækir sumarbúðir að Jaðri við Reykjavík (hófst 1945).

Stórstúka Íslands er samband allra deilda Góðtemplarareglunnar (IOGT) á Íslandi. Hún skipuleggur starfshætti stúknanna og annast fræðslustarfsemi um áfengismál og félagsstörf með erindaflutningi, fræðsluritum og blaða- og bókaútgáfu.

Félagar 1. janúar 1964 voru:

Í undirstúkum	3 080
Í barnastúkum	6 919
Ungtemplarar um	800

Samtals um 10 400

1. janúar 1954 voru félagar:

Í undirstúkum	3 715
Í barnastúkum	6 574

Alls 10 289

Flest ár frá stofnun Stórstúku Íslands hafa erindrekar starfað á hennar vegum. Skrifstofu starfrækir Stórstúkan í Reykjavík ásamt bókaverzlin.

Stórstúka Íslands gefur ekki út tímárit eða blað um bindindismál, en blaðið Eining er gefið út mánaðarlega á vegum sérstakrar samvinnunefndar. Eins styrkir Stórstúkan útgáfu bindindisblaðsins „Reginn“ á Síglufirði.

Frá því 1897 hefur Stórstúkan gefið út barnablaðið Æskuna.

Allt frá stofnun fyrstu Góðtemplarastúkunnar og frami til 1950 voru það þær ásamt ungmennafélögunum, sem reistu og starfræktu samkomuhús.

Í fjárlögum 1962 var veittur styrkur til Stórstúku Íslands að upphæð kr. 240 þús. Aðrar tekjur Stórstúkunnar voru það ár:

Skattar frá undirstúkum	kr. 25 þús.
Framlög frá stúkum og einstakl.	— 21 —
Ýmislegt	— 45 —

Alls kr. 331 þús.

Helztu gjaldaliðir voru:

Laun embættismanna	kr. 6 þús.
Skrifstofukostnaður	— 40 —
Styrkveitingar	— 58 —
Starfsfé	— 144 —
Ýmislegt	— 40 —

Alls kr. 288 þús.

Styrkur ríkissjóðs hefur síðustu árin hækkað árlega og var í fjárlögum 1966 kr. 450 000.

Auk þess var veittur byggingarstyrkur vegna Góðtemplarahúss í Reykjavík á fjárlögum 1965 kr. 500 000 og 1966 kr. 400 000.

Reykjavíkurborg og ýmis önnur bæjarfélög slýrkja unglingastarfsemi reglunnar bæði beint og óbeint.

Margvísleg störf innan Góðtemplarareglunnar og út á við eru unnin í sjálfboðavinnu, má t. d. nefna undirbúning móta, námskeiða, sumardvalarheimila og rekstur góðtemplarahúsa og smiði þeirra.

Fjárbörfin varðar aðallega kostnað við starfsemi og erindisrekstur.

Ungmennafélag Íslands.

Fyrsta ungmennafelagið var stofnað 1906 á Akureyri.

Þó rekja megi stofnun ísl. ungmennafelaganna til erlendra áhrifa, þá voru ungmennafélög til í nokkrum sveitum, sem stofnuð voru á 19. öld fyrir áeggjan Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal.

Samband ungmennafelaganna, Ungmennafélag Íslands (UMFI), er stofnað 1907.

Ungmennafélögin eru 192 talsins (1965), sem skipa sér saman í 16 héraðasambönd. Félagatal um 11000 (1965).

Stefnuskrá UMFÍ er að sameina íslenzkan æskulýð um að vernda og efla sjálfstæði Íslendinga á þjóðlegum menningargrundvelli. Takmarki sínu hyggst félagskapurinn einkum ná samkvæmt eftirfarandi starfsskrá:

1. Að vinna að útrýmingu skaðnautna í landinu.
2. Að vinna að því að klæða landið skógi og öðrum gróðri.
3. Að efla áhuga æskulýðsins fyrir að vernda og fegra móðurmálið og sinna sögu og bókmenni býðarinnar að fornu og nýju.
4. Að efla heimilisiðnað og glæða með æskulýðnum tryggð og rækt við heimili sín, áthaga og aettarjörð.
5. Að stunda íþróttir og halda landsmót, þar sem keppt er í íþróttum og kynnt störf og áhugamál félaganna.
6. Að efla í hvívetna fræðslu og uppeldisstarf meðal æskulýðsins. Stuðla að því að unglingsarnir geti notið framhaldsmenntunar, hver við sitt hæfi, og að þeirra bíði lifvænleg atvinna að loknu námi. Að efla með æskunni sparsemi, skyldurækni, vinnusemi og fórnarlund.
7. Að efla þjóðlegt skemmtanalif með menningarsniði. Halda uppi málfundastarfsemi og hjálpa æskulýðnum til þegnlegs þroska með því að æfa hann við að rökhugsa þjóðnyttjamál og vinna að framgangi þeirra. Í þessu skyni séu haldin námskeið m. a. með samvinnu við skóla landsins.
8. Að vinna í anda friðar-, manngildis- og menningarhugsjónar kristindómsins.
9. Að styðja að jafnrétti karla og kvenna.
10. Að vinna að náinni samvinnu við ungmennafélög hinna Norðurlandanna og við æskulýð allra þjóða á grundvelli jafnréttis og sjálfstæðis.

Ungmennafélögin eru starfandi í 188 sveitarfélögum og fjórum kaupstöðum. Allt frá stofnun fyrstu ungmennafélaganna hafa þau unnið að því að reisa og reka samkomuhús og hafa verið mjög virkir aðilar að smíði og rekstri félagsheimila hin síðustu ár. Tímaritið Skinfaxa hefur UMFÍ gefið út frá því 1910. UMFÍ rekur skrifstofu í Reykjavík. Erindreka hefur UMFÍ ekki getað haft að staðaldri.

Árið 1963 voru heildartekjur UMFÍ 389 þús. kr. Þar af voru veittar í fjárlögum til félagsmála kr. 150 000, vegna Prastaskógar kr. 15 000, til starfsíþróttar kr. 25 000, úr íþróttasjóði kr. 79 000. Skattar sambandsaðila voru kr. 34 000.

Helztu gjaldaliðir voru:

Til íþróttamála	um	kr. 74 000
— starfsíþróttar	um	— 48 000
— Prastaskógar	um	— 54 000
Framkvæmdastjórn	—	62 000
Útgáfukostnaður	—	23 000

Árið 1964 voru ríkisstyrkir til félagsmála og Prastaskógar óbreyttir, en til starfsíþróttar var ríkisstyrkur hækkaður um 50 þús. kr. og styrkur frá íþróttasjóði hækkaði í 105 þús. kr.

Árið 1965 hækkaði ríkisstyrkur til félagsmála í kr. 200 þús. og til Prastaskógar í 45 þús. kr.

Skattar sambandsfélaganna eru kr. 5 fyrir hvern félaga 16 ára og eldri.

Fjárþörfin er mest til útgáfustarfa, menntunar leiðbeinenda og til erindisrekstrar.

Æskulýðssamband Íslands.

Stofnað árið 1958 með 9 aðilum, en fjöldaði í 11 árið 1959. Félagar innan sambandsaðila eru samtals 60—65 þúsund. Aðildarsambönd eru: Bandalag íslenzkra farfugla, Iðnnemasamband Íslands, Íslenzkir ungtemplrar, Íþróttasamband Íslands, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Samband bindindisfélaga í skólum, Samband ungra

framsóknarnianna, Saniband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra sjálfstæðis-manna, Umgmennafélag Íslands og Æskulýðsfylkingin — samband ungra sósialista.

Markmið AE. S. Í. er að efla samstarf og kynningu meðal íslenzkra æskulýðsfélaga og koma fram sem fulltrúi þeirra innanlands og utan.

Markmiði sínu hyggjast samtökin m. a. ná með því:

1. Að halda uppi námskeiðum fyrir forystumienn æskulýðsfélaga í landinu um menningar- og félagsmál.
2. Að reka upplýsinga- og fyrirgreiðsluskrifstofu í Reykjavík fyrir æskulýðssamtökin í landinu.
3. Að veita íslenzkum æskulýðssamtökum að öðru leyti alla þá þjónustu, sem tök eru á.
4. Samtökin skulu starfa í anda mannréttindaskrár Sameinuðu þjóðanna og vilja hafa vinsamleg samskipti við æskulýðssamtök, hvar sem er í heiminum. Stjórnmáladeilur, trúmaladeilur svo og samþykkir og áskoranir um þau mál eru ekki leyfðar á vegum AE. S. Í.

Pátttaka í AE. S. Í. hefur engin áhrif á innanfélagsstarfsemi hlutaðeigandi sambanda.

Meðlimir samtakanna geta orðið öll þau landssamtök íslenzks æskulýðs, sem starfa vilja samkvæmt lögum samtakanna, hafa a. m. k. 100 félagsmenn, enda sé meginhluti þeirra undir 35 ára aldri.

Æ. S. Í. er aðili að World Assembly of Youth (WAY) og Council of European National Youth Committees (CENYC), en hefur auk þess samskipti við æskulýðssambönd í allmögum einstökum löndum, þar á meðal á Norðurlöndum.

Innanlands hefur sambandið m. a. gengizt fyrir ráðstefnum, námskeiðum og umræðufundum um ýmis efni, sem sameiginleg eru aðildarsamböndum, þ. á m. um „Félagsstarf ungs fólks — gagnsemi þess og vandamál“, „Útgáfustarfsemi æskulýðsfélaga“, mannréttindamál og fleira.

„Fréttabréf AE.S.Í.“ kemur út 4 sinnum á ári.

Í apríl 1963 veitti menntamálaráðuneytið AE.S.Í. viðurkenningu sem ráðgjafar- aðila um þau æskulýðsmálefni, sem ráðuneytið fjallar um.

„Herferð gegn hungrí (IGH)“ var komið á fót á vegum sambandsins og starf- aði undir stjórn sérstakrar frankvæmdaneftnar að fjársöfnun til styrktar vanþró- uðum þjóðum. Hafa nú safnæzt á vegum herferðarinna samtals um 9.2 millj. króna.

Árin 1964 og 1965 nam ríkisstyrkur til sambandsins kr. 50 000 hvort ár, 1966 og 1967 kr. 80 000, en auk þess hefur sambandið hlotið viðbótarfjárveitingar frá viðkomandi ráðuneyti til sérstakra verkefna. Styrkur frá Reykjavíkurborg var kr. 25 000, en 1966 og 1967 kr. 35 000. Árgjöld aðildarsambanda eru frá kr. 500 til kr. 1000.

Árið 1966 voru niðurstöður rekstursreiknings AE.S.Í. 92 þús. kr.

Skrifstofukostnaður	kr. 24 500
Útgáfukostnaður	— 7 500
Erlend samskipti	— 22 500
Ráðstefnur innanlands	— 12 000

Æskulýðssstarf þjóðkirkjunnar.

Kirkjan hefur sérstöðu þeirra aðila, sem nærri koma æskulýðsmálum, þar sem annars vegar hefur kirkjan eðli sínu samkvæmt afskipti af börnum og ungmennum sem öðrum skírðum meðlimum sínum og boðar þá til messugjörða og hefur barnasamkomur, og á hinn bóginn beitir hún sér fyrir skipulögðu starfi, sem eingöngu er ætlað börnum og ungmennum.

Hið skipulega æskulýðssstarf kirkjunnar er aðallega fólgjð í eftirfarandi viðfangsefnum:

A. Sumarbúðir rekur kirkjan fyrir börn á aldrinum 8 til 12 ára. Fyrstu summar-

búðir kirkjunnar voru að Löngumýri í Skagafirði árið 1954. Siðan hefur þessi starfsemi smáaukizt og s. l. summar (1966) voru sumarbúðirnar sex í þremur landshlutum. Aðsókn hefur verið meiri en svo, að unnt hafi verið að sinna öllum beiðnum.

B. Vinnubúðir eru ætlaðar ungmennum á aldrinum 17—22 ára. Hafa þær verið reknar í samvinnu við Heimsráð kirkna í Genf og skozku kirkjuna, auk þess sem einn hópur hefur starfað í samvinnu við Lúthersku kirkjuna í Ameríku. Starfar unga fólkið í vinnubúðum í sumarleyfi sínu. Auk þess hafa hópar farið til Skotlands til starfa í vinnubúðum þar í samvinnu við skozku kirkjuna, og einstaklingar hafa tekið þátt í sliku starfi í Frakklandi, Hollandi, Þýzkalandi og viðar.

C. Ungmennaskipti hafa verið á dagskrá æskulýðssstarfs kirkjunnar frá því árið 1961. Fara íslenzkir unglungar til ársdvalar í öðrum löndum, fram að þessu eingöngu í Bandaríkjunum og Þýzkalandi, stunda skólanám og eru á heimilum fólks, sem tekur skiptinemann sem einn af fjölskyldunni. Þá dvelja hér einnig erlend ungmenni um árabil. Árlega taka í kringum 25 ungmenni þátt í skiptunum, og hafa heimkomnir skiptinemar nú stofnað eigið samband, sem vinna á að því að tryggja sem beztan árangur af starfi þessu og hjálpa heimkomnum skiptinemum auk hinna erlendu, sem hér dvelja.

D. Æskulýðsfélög hafa verið stofnuð í ýmsum söfnuðum á síðari árum. Hið fyrsta á Akureyri, og í hinu forna Hólastifti er nú starfandi samband æskulýðssfélaganna á því svæði, sem rekur eigin sumarbúðir við Vestmannsvatn í byggingu, sem æskulýðssambandið hefur reist. Á hverju ári er heldið þing, þar sem stjórn er kosin og skýrslur fluttar auk annarra starfa, sem miða að þjálfun ungmenna til að taka að sér forustu í æskulýðsfélögum. Í Reykjavík og nágrenni hafa einnig verið stofnuð æskulýðsfélög á síðustu árum, og er nú i undirbúningi að stofna samband þeirra, sem síðar yrði landssamband eins og einnig er á stefnuskrá Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti. Æskulýðsfélögini eru opin ungmennum strax á fermingarári þeirra; er stjórn félaganna í höndum ungmennanna sjálfra, en presturinn er ráðgjafi stjórnarinnar.

Æskulýðssstarf kirkjunnar er að því er heildinni viðkemur í höndum æskulýðsnefndar, sem skipuð er bæði prestum og leikmönnum, en framkvæmdaraðilinn er æskulýðsfulltrúi kirkjunnar, en það starf var stofnað með lögum árið 1960.

Önnur æskulýðssstarfsemi.

Stjórnmálfélög. Samband ungra jafnaðarmanna er stofnað árið 1927, Samband ungra sjálfstæðismanna 1930, Samband ungra framsóknarmanna 1938 og Æskulýðsfylkingin 1938. Stjórnmálaflokkarnir hafa jafnan látið sig æskulýðsmál miklu skipta. Hafa ráðstefnur, námskeið og útgáfustarfsemi verið meðal helztu verkefna æskulýðssamtaka stjórnmálaflokkanna.

Sveitarfélög hafa á síðari árum látið æskulýðsmál allmjög til sín taka. Á þetta sérstaklega við um Reykjavík og hina stærri kaupstaði. Starfa nú á ýmsum stöðum svonefnd æskulýðsráð, er m. a. reka æskulýðsheimili með ýmiss konar tómstundastarfsemi, sem einkum er ætlað að ná til ófélagsbundins æskulýðs.

Í hinum ýmsu skólum landsins fer fram alls konar félagsmálastarfsemi, sem teljast verður til æskulýðssstarfs. Nýtur það starf með ýmsum hætti nokkurs tilstyrks ríkis og sveitarfélaga.

Þetta yfirlit um æskulýðssstarfsemi á Íslandi er að sjálfsgögðu á engan hátt tæmandi, en gefur þó væntanlega nokkra hugmynd um hana í höfuðdráttum. Mörg fleiri samtök en þau, sem hér að framan eru talin, hafa ungt fólk innan vóbanda sinna og hafa bannig beint og óbeint hlutverki að gegna í æskulýðssstarfi. Má m. a. nefna tónlistarfélög og leikfélög, sem flest njóta opinberra styrkja og veita æskufólk verkefni í tómstundum. Þá mætti og nefna æskulýðspætti Ríkisútvarps og dagblaða. Einnig eru almenningsbókasöfn mikilvægur aðili að tómstundamálum.

Löggjöf varðandi æskulýðsmál.

Má þar fyrst nefna lög um vernd barna og ungmenna (nr. 53/1966). Hafa þau m. a. að geyma ákvæði um vinnuvernd, eftirlit með kvíkmyndum og öðrum skemmtunum og ýmislegt annað eftirlit með háttsemi barna og unglings.

Íþróttalög (nr. 49/1956) geyma m. a. ákvæði um íþróttanefnd og íþróttafulltrúa ríkisins, íþróttir í skónum, frjálsa íþróttastarfsemi og íþróttasjóð, en heimilt er að greiða allt að 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkja úr sjóðnum. Fé til sjóðsins er veitt i fjárlögum ár hvert, og nái fjárveiting til hans í fjárlögum 1967 kr. 5,4 millj. Lög um félagsheimili (nr. 77/1947) heimila allt að 40% styrk úr félagsheimilasjóði til stofnkostnaðar félagsheimila, en 50% af innheimtum skemmtanaskatti rennur í sjóðinn. Á árinu 1965 námu tekjur sjóðsins kr. 6,5 millj.

Ýmis islenzk löggjöf snertir æskulýðsmál beint eða óbeint, má þar nefna löggjöf á sviði menntamála, félagsmála og dómsmála. Mætti sérstaklega nefna lög nr. 63/1941, um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu. Þá snerta lögreglusamþykktir og barnaverndarreglugerðir þessi mál allmjög.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðastofnunum, er láta æskulýðsmál mikið til sín taka, t. d. Evrópuráðinu og UNESCO. Loks er Ísland aðili að mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu, svo og t. d. alþjóðasamþykktum um lágmarksaldur sjómanna.

Í nágrannalöndum okkar, sem upplýsinga hefur verið aflað frá, fyrirfinnst engin heildarlöggjöf um æskulýðsinál, heldur einungis löggjöf um vissa þætti þessara mála.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Reynt er í gr. að marka tilgang og hlutverk laganna, þannig að ákveðin stefna sé mörkuð, er veiti þó allmikið svigrúm fyrir þá, sem munu hafa framkvæmd laganna með höndum.

Lögunum er bæði ætlað að styðja hina frjálsu félagsstarfsemi og að efla viðleitni til þess að veita ófélagsbundnu æskufólk hæfileg verkefni í tómstundum.

Talið er æskilegt, að lögin geti náð til æskulýðssstarfsemi í skónum innan vissra marka. Slik starfsemi verði þó fyrst og fremst í höndum skólanna sjálfrá.

Ætlazt er til, að íþrótt- og bindindisstarfsemi njóti góðs af þessum lögum eftir því sem efni standa til, en sérreglur um þá starfsemi í öðrum lögum og reglugerðum haldi gildi sinu. Stjórnmála- eða trúfélög falli enn fremur undir lögin, að svo miklu leyti sem æskulýðssstarfsemi þeirra fullnægir skilyrðum laganna.

Aldursákveðið er til leiðbeiningar um, hvaða aldursskeiðs lögin taki fyrst og fremst til, en útilokar ekki stuðning við nokkru yngra eða eldra fólk, t. d. ylfingastarf í skátfélögum eða vissa þætti i starfsemi æskulýðsfélaga stjórnmálauflokkanna.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að hinir þrír fulltrúar í Æskulýðsráði ríkisins, sem tilnefndir skulu af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og hliðstæðum æskulýðssamböndum, verði kosnir á sameiginlegum fundi þessara aðila, er menntamálaráðuneytið boði til. Aðildarfélög Æ.S.Í. eru nú: Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Samband ungra framsóknarinnanna, Samband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra sjálfstæðismanna, Æskulýðsfylkingin, Bandalag isl. farfugla, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Ungtemplarar, Iðnnemasamband Íslands og Samband bindindisfélaga í skónum.

Utan við Æskulýðssambandið er nú t. d. Bandalag isl. skáta og KFUM og K og æskulýðssstarfsemi þjóðkirkjunnar. Kæmi til greina, að aðilar þeir, sem velja hina þróu fulltrúa, skiptist á um að eiga fulltrúa í ráðinu, ef ástæða þykir til.

Um 3. gr.

Æskulýðsráði er fyrst og fremst ætlað að verða ráðgefandi aðili, er vinni að því að samræma og samstilla aðgerðir í æskulýðsmálum. Ráðinu er sérstaklega ætlað að vera þeim ráðherra og því ráðuneyti, sem fer með æskulýðsmál, til trausts og halds í þessum efnum. Ráðinu er enn fremur ætlað að efna til æskulýðsráðstefna og funda árlega, þar sem fulltrúuar frá margháttuðum landssamtökum og sérfræðingar myndu ræða æskulýðsvandamál þau, er efst væru á baugi hverju sinni. Þá er ráðinu ætlað að gangast fyrir að haldin séu námskeið fyrir æskulýðsleiðtoga, sbr. 8. gr.

Um 4. gr.

Sú sérfræðilega þjónusta, sem átt er við í gr., er t. d. þjónusta hagfræðinga við skýrslugerðir og sálfraeðinga og félagsfræðinga við athuganir á æskulýðsvandamálum.

Um 5. gr.

Æskulýðsráðum kjördæmanna er fyrst og fremst ætlað að samræma æskulýðsstarfsemi hvert í sínu umdæmi. Að sjálfsögðu myndi ráðuneytið bera starfsreglur þessara æskulýðsráða undir Æskulýðsráð ríkisins, áður en þær verða staðfestar.

Um 6. gr.

Það er á valdi hlutaðeigandi sveitarstjórnna að stofna æskulýðsnefndir þær, sem hér um ræðir. Er frumkvæði í þeim efnum komið undir áhuga og framtaki á hverjum stað. Tvö eða fleiri sveitarfélög gætu að sjálfsögðu sameinazt um stofnun æskulýðsnefnda, ef henta þætti. Æskulýðsráð myndi væntanlega samræma starfsreglur nefndanna og veita leiðbeiningar um samning þeirra.

Um 7. gr.

Í gr. er átt við leiðbeinendur, er annast tilsögn í ýmisum tómstundagreinum. Þann kostnað við þjálfun leiðbeinanda og launagreiðslur til þeirra, sem ríkissjóður greiðir ekki, er ætlazt til að sveitarstjórnir og/eða æskulýðsfélög greiði.

Um 8. gr.

Með æskulýðsleiðtogum er átt við ýmiss konar forustumenn i félagsstarfsemi æskulýðssamtaka.

Í 2. gr. laga nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, segir: „Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.“ Í lagafrv., sem samið hefur verið um Íþróttakennaraskóla Íslands, er enn fremur gert ráð fyrir, að Íþróttakennaraskólinn geti efnt til námskeiða fyrir áhugamenn um félagsstörf. Er eðlilegt að gera ráð fyrir samvinnu við þessa aðila um menntun æskulýðsleiðtoga.

Um 9. gr.

Með viðurkenndum aðilum er átt við aðila, sem Æskulýðsráð ríkisins viðurkennir í þessu sambandi.

Heimildin til að styrkja sumarbúðastarfsemi nær aðeins til rekstrarkostnaðar, en ekki stofnkostnaðar.

Útvistarsvæði eru fyrst og fremst áningar- eða viðkomustaðir á ferðalögum, venjulega án varanlegra húsakynna.

Um 10. gr.

Með sérstökum verkefnum er t. d. átt við útgáfu ýmiss konar leiðbeiningarrita og upplýsingabæklinga um æskulýðsmál, fræðslunámskeið, ritgerðasamkeppni o. fl.

Heimildin til þess að styðja tilraunir og nýjungar í æskulýðsstarfi miðar að því að hvetja æskulýðssamtök og stjórnvöld til þess að leita nýrra leiða og fylgjast með nýjum úrræðum í þessum efnum.

Heimildin til að styðja ráðstafanir til lausnar á sérstökum æskulýðsvandamálum, er upp kunna að koma, er einkum höfð með hliðsjón af ýmiss konar skyndilegu vandræðaástandi og fjöldaólatum, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Ef slíkir aíburðir koma fyrir, er æskilegt að stjórnvöld, væntanlega að frumkvæði Æskulýðsráðs ríkisins, geti brugðið skjótt við og gripið til ráðstafana, er miði að því að koma í veg fyrir slíkt framvegis.

Gert er ráð fyrir, að reglur um stuðning skv. þessari gr. verði settar í reglugerð þá, sem ákveðin er í 12. gr.

Um 11. gr.

Æskilegt væri að semja sýnishorn af slíkum reglum, sem hér er fjallað um, er gætu orðið til fyrirmynnar eða hliðsjónar við samning þessara reglna almennt. Aðild menntamálaráðherra og Sambands íslenzkra sveitarfélaga er fyrst og fremst hugsuð til þess að eðlilegt samræmi verði milli þessara reglna innbyrðis, en að frumkvæði eða sjálfræði sveitarfélaga verði eigi skert í þessum efnunum.

Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnir standi meginstraum af kostnaði við æskulýðsráð kjördæma og æskulýðsnefndir.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

Um stuðning bæjar- og sveitarfélaga.

1. Akranes.

Á Akranesi starfar æskulýðsráð. Hlutverk þess er að vinna að eflingu félags- og tómstundiðju meðal æskufólks á Akranesi.

Það hefur staðið fyrir tómistundavinnu unglings á vetrum og varið til þess kr. 40 000 árið 1964. Jafnframt er starfræktur vinnuskóli á sumrin fyrir 10—13 ára börn og varið til þess kr. 40 000 auk launa til barnanna fyrir störf. Auk þess styrkir bæjarsjóður íþróttabandalag Akraness með kr. 65 000 og skátafélag Akraness með kr. 40 000.

2. Ísafjörður.

Á Ísafirði er starfrækt æskulýðsráð. Ekki hefur verið gengið frá starfsreglum fyrir það, en stuðzt við reglur æskulýðsráða Akureyrar og Reykjavíkur.

Hefur æskulýðsráðið gengizt fyrir ýmsum tómstundaiðkunum unglings og notið til þess styrks að upphæð kr. 40 000 árið 1964.

Auk þess hefur bæjarsjóður lagt fé til unglingsvinnu, sem fyrst og fremst hefur beint að skógræktarstörfum. Nam sú upphæð kr. 80 000 árið 1964.

Þá hafa íþróttasamtökin hlotið styrk kr. 40 000, og stúkan Ísfirðingur kr. 5 000 til unglingastarfsemi. Auk þess hefur verið byggt íþróttasvæði.

3. Sauðárkrókur.

Á fjárhagsáætlun Sauðárkróks hefur undanfarin ár verið gert ráð fyrir 20 til 30 þús. krónum, sem ganga skyldu til íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

4. Siglufjörður.

Á Siglufirði starfar æskulýðsráð. Tilgangur þess er að vinna að bættum þroska-skilyrðum æskufólks, bindindi og reglusemi. Það rekur æskulýðs- og tómstundaheimili, sem er allvel búið tækjum, sem að mestu eru gjafir velunnara.

Á fjárhagsáætlun Siglufjarðar fyrir árið 1964 er kr. 150 000 framlag til heimilisins. Auk þess eru veittar til hliðstæðrar starfsemi kr. 48 000 og til Tónlistarskóla Siglufjarðar kr. 100 000.

5. Ólafsfjörður.

Undanfarin ár hefur bærinn haft nokkra unglingsavinnu fyrir 9—13 ára börn. Þá hefur fé verið varið til byggingar félagsheimilis, íþróttasvæðis, reksturs sundlaugar og ráðgert að leggja fé til byggingar skíðaskála.

6. Dalvík.

Í Dalvík starfar æskulýðsráð, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu heilbrigðs félagslifs og hollrar tómstundaiðju meðal æskulýðs á Dalvík.

Árið 1963 voru veittar kr. 28 000 til æskulýðsfélaga, en í framkvæmdasjóð vegna félagsheimilisbyggingar kr. 500 000 og vegna íþróttahússbyggingar kr. 500 000.

7. Akureyri.

Á Akureyri starfar æskulýðsráð, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu heilbrigðs félagslifs og hollrar tómstundaiðju meðal æskulýðs á Akureyri.

Kaupstaðurinn hefur fastráðið mann sem frankvændastjóra Æskulýðsráðsins og íþróttaráðsins.

Á fjárhagsáætlun Akureyrar 1963 eru kr. 478 þús. veittar til æskulýðsfélaga, kr. 330 þús. til reksturs íþróttamannvirkja, kr. 900 þús. til nýbygginga íþróttamannvirkja og kr. 50 000 til byggingar æskulýðsheimilis við Vestmannsvatn.

8. Húsavík.

Húsavíkurbær veitir íþróttafélagi og æskulýðsnefnd Húsavíkurkirkju ókeypis húsnæðisaðstöðu í barnaskólahúsinu. Auk þess eru veittar 20—25 þúsund krónur í styrk og tónlistarskóli er styrktur með 55 þúsund króna framlagi.

9. Seyðisfjarðarkaupstaður.

Tómstundanámskeið hafa verið haldin fyrir unglingsa á vetrum og voru ætlaðar til þess kr. 41 000 árið 1964. Þá var íþróttahús staðarins lánað endurgjaldslaust til íþróttaiðkana barna og unglingsa.

10. Neskaupstaður.

Á Neskaupstað starfar æskulýðsráð, en mun ekki hafa sett sér starfsreglur. Kostnaður við það greiðist allur úr bæjarsjóði. 1964 voru veittar kr. 100 000 til starfsemi ráðsins. Auk þess voru veittar kr. 11 000 til ýmissa æskulýðsfélaga.

Félagsheimili er í byggingu, en þar verður starfsemi ráðsins til húsa.

11. Vestmannaeyjar.

Á árinu 1964 voru veittar kr. 285 000 til æskulýðssstarfseimi, sem skiptist þannig:

Til tómstundaheimilis	kr. 150 000
— íþróttastarfsemi	— 85 000
— sumarbúða í Krýsuvík	— 50 000

12. Selfoss.

Á Selfossi starfar æskulýðsráð, sem leitast við að veita æskufólkji þroskandi viðfangsefni í tómstundum. Starfsemin er sniðin að fyrirmynnd Reykjavíkur. Hrepps-

sjóður hefur styrkt þessa starfsemi fjárhagslega eftir þörfum. Hreppurinn hefur einnig útvegað og lánað húsnæði til starfseminnar endurgjaldslaust. Þá hefur ung-mennafélagið og skátafélögin notið styrks og ókeypis húsnæðis.

Á sumrin er haldið uppi og kostuð starfsemi fyrir börn og unglings, einkum við garðyrkju.

13. Keflavík.

Í Keflavík starfar æskulýðsráð. Það hefur ekki sett sér neinar ákveðnar starfs-reglur, en leitazt við að halda uppi starfsemi, sem það telur holla og nauðsynlega, en einstök félög geta ekki haldið uppi vegna kostnaðar. Telur æskulýðsráð að það eigi að vera fulltrúi bæjarfélagsins gagnvart hinum ýmsu félögum.

Árið 1964 var framlag bæjarsjóðs til íþróttafélaga kr. 100 000 og til barnastúku kr. 7 000.

14. Njarðvíkur.

Æskulýðsnefnd starfar í Njarðvíkurhreppi, en starfsemi hennar er fremur laus í reipunum.

Árið 1963 voru veittar kr. 20 000 til æskulýðsnefndar, kr. 15 000 til skáta, kr. 50 000 til íþróttavalla, kr. 350 000 til byggingar félagsheimilis og kr. 20 000 til sumar-búða barna og unglings. Auk þessa er haldið uppi unglingavinnu fyrir 7—15 ára börn.

15. Hafnarfjörður.

Í Hafnarfirði starfar æskulýðsráð, sem hefur bæði staðið fyrir tómstundanám-skeiðum og dægradvöldum.

Bæjarsjóður veitti tæplega 240 þús. króna styrk árið 1963 til æskulýðsfélaga, um kr. 84 þús. til íþróttavalla og kr. 25 000 til tónlistarskóla.

16. Garðahreppur.

Æskulýðsnefnd starfar í Garðahreppi, sem á að vera hreppsnefnd til ráðuneytis um æskulýðsmál.

Í hreppnum starfar æskulýðsfélag, sem naut 20 000 kr. styrks úr hreppssjóði 1964. Þá hafa verið lagðar fram kr. 30 000 til undirbúnings sumarbúða.

17. Kópavogskaupstaður.

Í Kópavogi starfar æskulýðsráð, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu félags- og tómstundiðju meðal æskufólks í Kópavogi. Hefur bærinn ráðið sér æskulýðsfulltrúa.

Til æskulýðsráðs voru veittar kr. 225 000 árið 1964, til íþróttamála kr. 150 000 og til íþróttamannvirkja kr. 400 000.

18. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Árið 1962 var ákveðið að koma á fót æskulýðsnefnd fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Helztu þættir starfseminnar til þessa hafa verið eftifarandi:

1. Leitazt við að koma á öðrum og betri háttum á skemmtunum æskufólks með því að halda sérstakar æskulýðsskemmtanir, þar sem algers bindindis er krafist, snyrtilegs klæðaburðar og prúðmannlegrar framkomu.
2. Leitað eftir samstarfi og aðild að ýmsum þáttum starfsemi Landssambands gegn áfengishölinu, þjóðkirkju Íslands og íþróttahreyfingarinnar.

3. Efnt til námsflokkakennslu í ensku og dönsku fyrir fólk á öllum aldri með kvöldkennslu.
4. Staðið fyrir stofnun tónlistarfélags í sýslunum.
5. Haldnir almennir fræðslufundir. Þá hefur verið stofnað félag vegna hestamanna o. fl.

19. Reykjavík.

Æskulýðsráð Reykjavíkur var stofnað árið 1955. Ráðið er fyrst og fremst ráðgefandi stofnun um æskulýðsmál borgarinnar, en hefur þó eins og kunnugt er einnig rekið ýmiss konar félags- og tómstundaiðju á eigin vegum. Fulltrúar í æskulýðsráði eru kjörnir hlutfallskosningu af borgarstjórn til 4 ára í senn.

Ráðið hefur á ýmsan hátt orðið brautryðjandi í æskulýðssstarfi bæjar- og sveitarfélaga, og veitt fjölmögum aðilum um land allt ýmiss konar aðstoð og fyrirgreiðslu.

Í vali verkefna hefur æskulýðsráð einkum leitazt við að kynna nýjar greinar tómstundastarfs og standa fyrir starfsemi, sem aðrir aðilar um æskulýðsmál hafa ekki á stefnuskrá sinni eða bolmagn til að framkvæma.

Starfsemin hefur eflzt að miklum mun undanfarin tvö ár vegna bættrar aðstoðu að Fríkirkjuvegi 11, og viðtækrar samvinnu æskulýðsráðs og fræðsluyfirvalda.

Stuðlað hefur verið að myndun flokka fyrir tómstundaiðju í gagnfræðastigsskólu um borgarinnar í samvinnu við fræðsluyfirvöld. Hefur starfsemin vaxið ár frá ári, og tóku um 2100 nemendur þátt í þessum flokkum s. l. skólaár. Á fjárhagsáætlun fyrir 1967 er gert ráð fyrir 500 000 kr. framlagi til þessa starfs.

Tómstundaflokkar fyrir æskufólk 13—25 ára starfa einnig að Fríkirkjuvegi 11 og viðar. Í þessum flokkum voru s. l. veturn rúmlega 300 þátttakendur.

Efnt hefur verið til sérstakra námskeiða fyrir leiðbeinendur, og er fyrirhugað að standa fyrir slíkum námskeiðum framvegis, í sept. á hverju ári. Sjóvinnunámskeið fyrir pilta eru haldin árlega og ætlað til þeirra um 150 000 kr.

Æskulýðsráð hefur aðstoðað ungt fólk, sem haft hefur hug á því að stofna félög um áhugamál sín, og starfa fjölmög félög og klúbbar í náinni samvinnu við æskulýðsráð.

Einnig hefur ráðið veitt fjölmögum starfandi æskulýðsfélögum húsnæði og ýmsa aðra fyrirgreiðslu. Til dæmis nutu 30 aðilar húsnæðis í tómstundaheimili æskulýðsráðs s. l. veturn.

Í Golfskálannum á Öskjuhlíð er einnig rekið tómstundaheimili á vegum æskulýðsráðs, en þar starfa vélhjóla-, bifreiða- og flugmódelklúbbur.

Æskulýðsráð telur það eitt af helztu hlutverkum sínum að leitast við að ná til ófélagsbundinnar æsku.

Pess vegna hefur verið gerð tilraun að Fríkirkjuvegi 11 með það, sem nefnt hefur verið „opið hús“ fyrir unglings, fjögur kvöld vikunnar. Þar geta þeir komið saman, spilað, teflt, hlustað á tónlist, dansað, lesið bækur og blöð o. s. frv.

Efnt var reglulega til dansleikja á sunnudagseftirmiðögum fyrir 13—15 ára unglings s. l. veturn.

Aðsókn að „opna húsinu“ hefur verið mjög góð allt frá upphafi.

Sumarstarf æskulýðsráðs hefur einnig eflzt mjög og mætti t. d. nefna Ferðamiðlun æskufólks, Stangveiðiklúbbinn og búvinnunámskeið.

Til þess að kynna tómstundastarf og æskulýðsfélög er gefið út upplýsingaritið **Unga Reykjavík**.

Eitt merkasta verkefni sem æskulýðsráð vinnur nú að, er undirbúningur að byggingu æskulýðsheimilis við Tjarnargöt.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1967 er gert ráð fyrir, að kostnaður við æskulýðsráð verði alls kr. 2 890 000 auk sjóvinnunámskeiða 150 000. Áætlun 1966 var 1 892 000, reikningar 1965 voru 1 675 000.

Helzu liðir þessarar áætlunar eru:

Laun	kr. 1 000 000
Ljós, hiti, ræsting og annar kostnaður við	
Frískirkjuveg 11 og Golfskálann	— 625 000
Kvöldstarfsemi („opið hús“)	— 160 000
Starfsemi í skólunum á vegum æskulýðsráðs	— 500 000

Fylgiskjal II.

FJÁRVEITINGAR 1967.

Ýmsir styrkir til æskulýðsmála og skyldra mála í fjárlögum 1967.

14. gr.

Til skíðakennslu í barna- og gagnfræðaskólum	kr. 160 000
— framkvæmdar sundskyldu í skólum	— 5 000 000
— námsflokkastarfsemi	— 150 000
— tónlistarstarfsemi	— 4 195 000
— bókmenntakynningar í skólum	— 88 000
— listkynningar í skólum	— 200 000
— fræðslumyndasafns	— 1 210 000
— íþróttasjóðs	— 5 400 000
— f.S.I.	— 250 000
— til utanfara íþróttamanna og námskeiða	— 300 000
— íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar	— 137 000
— ferðakennslu í íþróttum	— 180 000
— útgáfu handbókar um skólaíþróttir	— 20 000
— Ólympiunefndar	— 300 000
Styrkur til náms og hælisvistar fyrir stúlkur á glapstigum	— 250 000
Barnaverndarráð	— 400 000
Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglings (Breiðavíkurreimilið)	— 2 178 000
— uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur	— 300 000
— skólaheimilisins Bjarg, Seltjarnarnesi	— 1 000 000
— starfsemi KFUM í Vatnaskógi	— 25 000
— Þjóðdansafélagsins	— 8 000
— upptökuheimilis í Kópavogi	— 354 000
— byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta	— 1 000 000
— Stúdentaráðs	— 75 000
— Skáksambands Íslands	— 125 000
— — vegna þáttöku í Ólympíumótinu á Kúbu	— 75 000
— Taflfélags Reykjavíkur vegna húsakaupa	— 40 000
— rannsókna á félagslegum högum stúdenta	— 50 000

Kostnaður við embætti íþróttafulltrúa ríkisins greiðist af fjárveitingum til Fræðslumálastarfstofunnar.

(Hlutur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti ársins 1965 nam kr. 6.5 millj.).

15. gr.

Til kirkjulegrar æskulýðssstarfsemi	kr. 300 000
— Æskulýðssamb. þjóðkirkjunnar í Hólastifti v/sumarbúða við Vestmannsvatn	— 250 000
— æskulýðsfél. þjóðkirkjunnar á Suðurlandi v/sumarbúða í Skálholti	— 250 000

Laun æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar greiðast af fjárveitingum til Biskups-skrifstofunnar.

16. gr.

Til Ungmennafélags Íslands v/starfsíþróttá	kr.	50 000
— leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur	—	100 000

17. gr.

Til Ungmennafélags Íslands	kr.	250 000
— — — vegna Prastaskógar	—	45 000
— Bandalags skáta	—	300 000
— — — vegna húsakaupa	—	100 000
— Bandalags farfugla	—	50 000
— Æskulýðssambands Íslands	—	80 000
— — — til greiðslu kostnaðar v/söfnunar Herferðar gegn hungri ..	—	150 000
— Æskulýðsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	25 000
— — Eyjafjarðar	—	25 000
— Bandalags ísl. skáta vegna hjálparsveita	—	300 000

20. gr.

Til bygg. dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglings (Breiðavíkurheimilið)	kr.	400 000
— byggingar upptókuheimilis í Kópavogi	—	850 000

22. gr.

45 aura gjald af hverjum seldum vindingapakka og skiptist gjaldið að jöfnu til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Í 11. gr. fjárlaga er kr. 2 751 000 fjárveiting til bindindisstarfsemi.
Til Templarahallar, byggingarstyrkur

kr. 1 000 000

Fylgiskjal III.

FÉLAGSSTÖRF Í SKÓLUM

Til þess að kanna félagslíf í skólum voru sendir listar í nálægt 100 skóla með spurningum þar að lútandi.

Svör bárust frá 44 aðilum eða um 44%.

Spurningar voru í því formi að flestum mátti svara með já eða nei.

Hér á eftir koma töflur, sem unnar hafa verið úr þeim svörum sem bárust. Tafla I sýnir á hvern hátt svörin við þeim spurningum, sem mátti svara með já/nei, skiptast hlutfallslega milli þessara svara eða að þeim er ósvarað.

Tafla II sýnir svör við 3. spurningu, þ. e. hvort einhver 16 félaga starfi innan skólans. Sýnir hún hvað þau starfa í hlutfallslega mörgum af þeim skólum, sem svöruðu, og fjölda þessara félaga í þeim.

Tafla III sýnir svör við 13. spurningu, sem lýtur að samskiptum við aðra skóla. Sýnir hún hundraðstölu þeirra skóla sem svöruðu, sem eiga samskipti við aðra skóla á hverju þeirra fimm sviða, sem spurt var um, og raunverulegan fjölda.

TAFLA I.

Hlutfallsleg tíðni svara.

Spurningar	Já	Nei	Osvarað	Agætlega	Vel	Illa	Alls
1. Er almennt heildar skóla-félag starfandi	65,9	34,1					100
2. Eru sérfélög eða félags-deildir starfræktar innan skólafélagsins	40,9	38,6	20,5				100
4. Er rekin málfundarstarfsemi	56,8	34,1	9,1				100
5. Hvernig eru fundir eða æskulýðsfélög sótt			31,8	27,3	38,6	2,3	100
6. Skipta skólastjórar eða kennarar sér af því hverjir stjórna félögunum	34,1	40,9	25,0				100
7. Kjósa nemendur sjálfir stjórnir félaga sinna	79,5	0	20,5				100
8. Annast skólastjóri eða kennarar eftirlit með félagsstarfinu	81,8	6,8	11,4				100
9. Leggur skólinn fé til félagsstarfsemi nemenda	25,0	56,8	18,2				100
10. Er kenndur dans	38,6	50,0	11,4				100
11. Annast heildarskólafélagið dansæfingar? Ef ekki hver?	59,1	25,0	15,9				100
12. Er samstarf milli félaga skólans og hliðstæðra félaga annarra skóla	29,5	44,5	25,0				100
14. Fer fram á vegum skólans fræðsla um starfrækslu félaga	20,5	61,4	18,1				100
15. Er æskilegt að nemendur taki þátt í félagsstarfsemi utan skólans að vetrinum ..	15,9	25,0	18,2	Tak-markað 40,9			100

TAFLA II

3. spurning: Starfa eftirtalin sérfélög eða félagsdeildir innan skólans?
(Eftirfarandi tafla sýnir tíðni þeirra samkvæmt þeim blöðum, sem svarað var).

	Alls	%
a. Bindindisfélag	6	13.6
b. Skátafélag	2	4.5
c. Trúræknisfélag	0	0
d. Íþróttafélag	17	38.6
e. Ungmennafélag	1	2.2

	Alls	%
f. Taflfélag	25	56.8
g. Spilaklúbbur	10	22.7
h. Leikfélag	11	25.0
i. Listkynning	3	6.8
j. Bókmennatafélag	5	11.3
k. Tómstundafélag	15	34.0
l. Tónlistarfélag	6	13.6
m. Söngfélag	5	11.3
n. Raunvisindafélag	1	2.2
o. Útgáfa skólalbaðs	6	13.6
p. Hestamannafélag	1	2.2

44 svör bárust.

Í sumum tilfellum hér að ofan var ekki um formleg félög að ræða, en börnin hittust oft til þess að spila, tefla, leika á hljóðfæri eða æfa leikrit fyrir skemmtanir.

TAFLA III

13. spurning: Tiðni samskipta við félög annarra skóla.

	Alls	%
a. Íþróttir	14	31.8
b. Tafl	8	18.2
c. Spil	1	2.3
d. Málfundir	1	2.3
e. Gagnkvæmar heimsóknir til samkomuhalds ..	9	20.5

44 svör bárust.

Í mörgum hinna smærri skóla úti á landi virðast ekki starfa formleg félög, en skemmtanir eru þó víða haldnar hálfsmánaðarlega. Hefjast þær þá oft með skemmtiatriðum, en lýkur með dansi.

Skemmtanir fara nær alltaf fram undir eftirliti kennara, en æfingar og félagsstarfsemi fer oft fram undir handleiðslu þeirra.

Annars eru lélegar upplýsingar um framlag kennara til tómstundastarfs skólabarna.

Fylgiskjal IV.

HAGSKÝRSLUUPPLÝSINGAR

Greining ungmenna eftir aldri, kyni og búsetu.

Hér fara á eftir 3 töflur, sem ætlað er að sýna fjölda ungmenna, eftir aldri þeirra, kyni og eftir búsetu, þ. e. hve mörg búa í Reykjavík og nágrenni, kaupstöðum, kauptúnnum og þorpum og í sveitum.

Enn fremur hvað þetta er mikill hluti íbúa viðkomandi svæða og loks hvar þau standa í hjúskaparstétt.

Tafla I sýnir skiptinguna eftir aldri, kyni og búsetu. Er henni skipt í þrjár töflur, a, b og c, þar sem

- a. sýnir hvert aldursár fyrir sig,
- b. aldur dreginn saman í 6 flokka,
- c. aldur dreginn saman í þrjá flokka.

Tafla II sýnir greiningu þjóðarinnar í þúsundustu hluta eftir aldri (12—25 ára), kyni og búsetu.

Petta eru ekki nákvæmar tölur, þar sem þær eru miðaðar við árið 1964, en byggðar á íbúaskrá árið 1960.

Tafla III sýnir greiningu ungmenna 15—25 ára eftir hjúskaparstétt og kyni, enn fremur skilnaði eftir kyni og aldri, 15—24 ára, árin 1961, 1962 og 1963.

Að síðustu er línumit, sem á að gefa mynd af því, hve stór hluti hvers árgangs eftir kyni er í skólamótum og hve stór hluti er í hjónabandi.

TAFLA Ia, Ib og Ic.

TAFLA Ia	Aldur 1964	Stóð-Reykjavík (Rvík, Kópav., Seltjarnarnes- hreppur)			Kaupstaðir Njarðvíkur, Selfoss			Annað þéttbýli öll kauptún og þorp			Dreiðbýli (á samt Alafossi, Silfur- túni, Forlákshöfn og Lauggarvatni)			Allt landið		
		Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
12 ára	894	822	1716	546	481	1027	248	233	481	388	344	732	2076	1880	3956	
13 -	856	860	1716	465	532	997	262	239	501	348	337	685	1931	1968	3899	
14 -	885	800	1685	545	470	1015	266	258	524	381	332	713	2077	1860	3937	
15 -	841	786	1627	514	463	977	220	215	435	365	299	664	1940	1763	3703	
16 -	768	815	1583	508	480	988	209	239	448	351	347	698	1836	1881	3717	
17 -	813	738	1551	475	435	910	213	220	433	342	292	634	1843	1685	3528	
18 -	749	650	1399	443	403	846	205	213	418	334	298	632	1731	1564	3295	
19 -	687	685	1372	442	401	843	208	188	396	335	319	654	1672	1593	3265	
20 -	665	633	1298	409	376	785	200	159	359	315	294	609	1589	1462	3051	
21 -	610	655	1265	343	382	725	193	180	373	324	293	617	1470	1510	2980	
22 -	606	635	1241	358	366	724	184	162	346	284	273	557	1432	1436	2868	
23 -	536	576	1112	297	337	634	158	133	291	273	218	491	1264	1264	2528	
24 -	444	561	1005	311	308	619	139	126	265	252	236	488	1146	1231	2377	
25 -	479	503	982	297	277	574	147	109	256	253	229	482	1176	1118	2294	
Samtals 12-25 ára	9833	9719	19552	5953	5711	11664	2852	2674	5526	4545	4111	8656	23183	22215	45398	

TAFLA Ib	StóR-Reykjavík (Rvík, Kópav., Seltjarnarnes hr.)				Kaupstaðir Njarðvíkur, Selfoss				Annað þéttbýli óll kauptún og þorp				Dreifþýli (á samt Alafossi, Sílfur- túni, Þorlákshöfn og Laugavegur)				Allt landið			
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls		
Aldur 1964																				
12-13 ára	1750	1682	3432	1011	1013	2024	510	472	982	736	681	1417	4007	3848	7855					
14-15 -	1726	1586	3312	1059	933	1992	486	473	959	746	631	1377	4017	3623	7640					
16-17 -	1581	1553	3134	983	915	1898	422	459	881	693	639	1332	3679	3566	7245					
18-19 -	1436	1335	2771	885	804	1689	413	401	814	669	617	1286	3403	3157	6560					
20-21 árs	1275	1288	2563	752	758	1510	393	339	732	639	587	1226	3059	2972	6031					
22-25 ára	2065	2275	4340	1263	1288	2551	628	530	1158	1062	956	2018	5018	5049	10067					
TAFLA Ic																				
12-15 ára	3476	3268	6744	2070	1946	4016	996	945	1941	1482	1312	2794	8024	7471	15495					
16-21 árs	4292	4176	8468	2620	2477	5097	1228	1199	2427	2001	1843	3844	10141	9695	19836					
22-25 ára	2065	2275	4340	1263	1288	2551	628	530	1158	1062	956	2018	5018	5049	10067					

TAFLA II.
Greining umgenna 12-25 ára eftir búsetu, kyni og aldri í þúsundstu hlutum íbúa viðkomandi staða.


Aldur 1964	Stór Reykjavík (Rvík, Kópav., Seltjarnneshr.)			Kaupstaðir Njárdvíkur, Selfoss			Annað þéttbýli			Dreiðbýli			Allt landið		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Byggð á tölu 1960	39.209	40.940	80.149	21.944	21.656	43.600	10.583	10.027	20.880	17.886	15.377	33.263	89.892	88.000	177.892
o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo
12-13 ára	44,6	41,1	42,8	46,0	46,8	46,4	48,2	47,1	47,0	41,1	44,3	42,6	44,6	43,7	44,2
14-15 -	44,0	38,7	41,3	48,2	43,1	45,7	45,9	47,1	45,9	41,7	41,0	41,4	44,7	41,2	42,9
16-17 -	40,3	37,9	39,1	44,8	42,3	43,5	39,9	45,8	42,2	38,8	41,6	40,0	40,9	40,5	40,7
18-19 -	36,6	32,6	34,5	40,3	37,1	38,7	39,0	40,0	39,0	37,4	40,1	38,7	37,9	35,9	36,9
20-21 árs	32,5	31,5	32,0	34,3	35,0	34,6	37,1	33,8	35,1	35,7	38,2	36,7	34,0	33,8	33,9
22-25 ára	52,7	55,6	54,1	57,6	59,5	58,5	59,3	52,9	55,5	59,4	62,2	60,7	55,8	57,4	56,6
12-15 ára	88,7	79,8	84,1	94,3	89,9	92,1	94,1	94,2	93,0	82,9	85,3	84,0	89,3	84,9	87,1
16-21 árs	109,5	102,0	105,7	119,4	114,4	116,9	116,0	119,6	130,6	111,9	119,9	115,6	112,8	110,2	111,5
22-25 ára	52,7	55,6	54,1	57,6	59,5	58,5	59,3	52,9	55,5	59,4	62,2	60,7	55,8	57,4	56,6

TAFLA III.

Aldur 1964	K o n u r			K a r l a r			Karlar og konur	
	Giftar	Ogiftar	Alls	Kvæntir	Okvæntir	Alls	I hjónabandi	Utan hjónabands
15. ára og yngri	0			0			0	
16. -	5	1876	1881	0	1836	1836	5	3712
17. -	50	1635	1685	1	1842	1843	51	3477
18. -	195	1369	1564	20	1711	1731	215	3080
19. -	345	1248	1593	75	1597	1672	420	2845
20. -	600	862	1462	185	1404	1589	785	2266
21. -	720	790	1510	390	1080	1470	1110	1870
22. -	825	611	1436	520	912	1432	1345	1523
23. -	825	439	1264	530	734	1264	1355	1173
24. -	895	336	1231	690	456	1146	1585	792
25. -	885	233	1118	735	441	1176	1620	674

	I hjónabandi	Utan hjónabands	Hundraðstala hvers aldurs-
			árgangs í hjónabandi
1964			
16-17 ára	56	7189	0,8 %
18-19 -	635	5925	9,7 %
20-21 árs	1895	4136	31,4 %
16-21 árs	2586	17250	15,4 %
22-25 ára	5905	4162	58,6 %

	H j ó n a s k i l n a ð i r					
	1 9 6 1		1 9 6 2		1 9 6 3	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Aldur 15-19 ára		1		1		1
- 20-24 -	9	14	8	11	16	27



Fylgiskjal V.

Upplýsingar erlendis frá.

1. Danmörk.

Opinber stuðningur við æskulýðssstarfsemi í Danmörku fer aðallega fram innan ramma laga nr. 219/1954, um æskulýðsskóla og kvöldskóla.

Skv. lögunum veita ríki og sveitarfélög fyrst og fremst styrki til svokallaðra æskulýðsskóla og kvöldskóla, en slikir skólar svara nánast til námsflokkja og lengri námskeiða hjá okkur. Skólarnir eru fyrir unglings á aldrinum 14—18 ára. Fyrir unglings eldri en 18 ára eru starfræktir svonefndir kvöldháskólar. Ríkið greiðir 75% kennaralauna, en sveitarfélögin eða þeir aðilar, sem standa fyrir starfseminni, greiða allan annan kostnað. Með þessu móti fá dönsk æskulýðssamtök nokkurn styrk til fræðslu- og upplýsingastarfsemi sinnar.

En sá kafli laganna, sem einkum tekur til beinnar æskulýðssstarfsemi, er VI. kafli þeirra (43.—48. gr.), er ber yfirskriftina: Tómstundastarfsemi o. fl.

Í fyrsta lagi heimila löginn fjárstuðning við almenna tómstundaklúbb, er starfi á vegum æskulýðs- og kvöldskólanna. 1958—1959 voru veittar 50 þús. d.kr. í þessu skyni af ríkisfé.

Í öðru lagi geta æskulýðsfélög eða sveitarfélögin sjálf stofnað tómstundaklúbb, sem opnir skulu vera öllu æskufólk á aldrinum 14—18 ára. Ríkinu er lögskyld að greiða 45% kostnaðar, en sveitarfélögunum 35%. Klúbbarnir eru undir eftirliti sveitarfélaganna í framkvæmd. 1958—1959 voru veittar 100 þús. d.kr. í þessu skyni.

Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum 50% af útgjöldum vegna húsnæðisstyrkja í ýmsu formi til æskulýðsfélaga. 1958—1959 var varið 25 þús. d.kr. í þessu skyni.

Til þjálfunar æskulýðsleiðtoga veitti ríkið æskulýðssamtökunum 150 þús. d.kr. 1958—1959. Ær þetta talinn mikilvægasti stuðningur ríkisins frá sjónarmiði æskulýðssamtakanna sjálfra.

Ríkið greiðir 50% útgjalda vegna þjálfara og leiðbeinenda á vegum æskulýðssamtakanna. Fjárlagastyrkur til þeirra nam 1958—1959 kr. 50 þús. dönskum.

1958—1959 veitti ríkið 225 þús. d.kr. í styrki til að bæta húsnæðisaðstöðu æskulýðssamtakanna. Greitt er allt að 50% kostnaðar, en þó fær enginn aðili hærri upphæð en 15 þús. d.kr.

1958—1959 námu heildarstyrkveitingar ríkisins vegna VI. kafla framangreindra laga um 600 þús. d.kr., auk þess eru sveitarfélögin lögskyld til að leggja fram fé í þessu skyni til móts við framlög ríkisins, og nema þær fjárhæðir nokkrum hundruðum þúsunda.

Pá má geta þess, að svonefnt „friluftsráð“ hefur árlega til umráða um 1 millj. d.kr. af getraunafé, og njóta æskulýðssamtökum þess beint og óbeint, þar sem ráðið styrkir og kemur á fót sumarbúðum, tjaldstæðahverfum, námskeiðum, leiðbeiningastarfsemi o. fl.

Löginn gera ráð fyrir, að komið sé á fót æskulýðsnefndum í hverju sýslu-, bæjar- og sveitarfélagi, og eru þessar nefndir sagðar hafa verið mikil lyftistöng fyrir æskulýðssstarfsemina, enda skipaðar ungu fólk að hluta, en nefndirnar hafa eftirlit með, hvernig opinberum styrkjum er varið og gera tillögur til stjórvalda um styrkveitingar til æskulýðsmála.

Á árinu 1960 voru framangreind lög að nokkru aukin og endurbætt í því skyni að auka stuðning ríkis og sveitarfélaga við æskulýðssstarfsemina. Til marks um hinn aukna stuðning má nefna, að í fjárlögum 1963—1964 er varið 700 þús. d.kr. til að bæta húsnæðisaðstöðu æskulýðssstarfseminnar, og gert er ráð fyrir jafnhárrí upphæð á móti frá bæjar- og sveitarfélögum. Til „opinna“ tómstundaklúbb eru í fjárlögum 1963—1964 ætlaðar 450 þús. d.kr. Til æskulýðsleiðtoga og leiðbeinenda-námskeiða er í fjárlögum 1964 varið 500 þús. d.kr. (1963 bárust umsóknir að fjárhæð 900 þús. kr. í þessu skyni).

2. Finnland.

Samkvæmt reglugerð frá árinu 1963 er Æskulýðsnefnd ríkisins sérfræðilegur aðili, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og skal fjalla um ýmiss konar æskulýðsstarfsemi. Í nefndinni eiga sæti fimm tán nienn skipaðir af menntamálaráðuneytinu. Bindindis- og íþróttamál heyra ekki undir nefndina. Í tillögum um ríkistyrk til æskulýðsfélaga ber nefndinni m. a. að taka tillit til, að hve miklu leyti starfsemi viðkomandi félaga miðar að því að styrkja þá þjóðfélagsskipan, sem stjórnarskrá landsins gerir ráð fyrir. Nefndin skal m. a. stuðla að viðindarannsónum, er varða uppeldi æskulýðsins og styðja samstarfið milli æskulýðsfélaga og skóla.

Við Félagsfræðiskólann í Helsinki er sérstök deild, er annast mennun æskulýðsleiðtoga. Námið tekur tvö ár og er ætlað að gera menn m. a. hæfa til að takast á hendur æskulýðsfulltrúastörf hjá sveitarfélögum og umsjón með tómstundastörfum í skólam.

Hluta af tekjum getraunastarfseminnar í Finnlandi er varið til styrktar æskulýðsstarfi. Á árinu 1957 nam slíkur styrkur 40 millj. mörkum. Framlag sveitarfélaga til æskulýðsmála greiðist að mestu leyti af hlutdeild sveitarfélöganna af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, en af þeini ágóða fá sveitarfélögum 250 mörk miðað við hvern íbúa, enda sé fínu varið til einhvers konar beinna eða óbeinna áfengisvarna.

Heimilt er að styrkja pólitisk æskulýðsfélög af almannafé, enda sé fínu ekki varið til beinnar flokkspólitiskrar starfsemi. 23% af opinberum fjárveitingum til æskulýðsstarfsemi rennur til hinna pólitisku æskulýðsfélaga, þótt meðlimafjöldi þeirra sé aðeins 10% af félagsbundnu æskufólki í landinu. Er talið, að æskulýðsstarfsemi stjórnmálflokkanna gegni sérstaklega mikilvægu hlutverki fyrir þjóðfélagið, þar sem starfsemi þeirra beinist svo mjög að félagslegum og þjóðfélagslegum efnunum. Styrkir til stjórnmálfélaga ungs fólks miðast við þingmannafjölda flokkanna í finnska þinginu.

3. Noregur.

Norska ríkisstjórnin skipaði hinn 21. febrúar 1958 fimm manna nefnd, ásamt eimum ritara, til þess að fjalla um opinberan stuðning við æskulýðsfélög. Nánar tiltekið var verkefni nefndarinnar:

1. Semja greinargerð um, hvernig hártað er æskulýðsstarfsemi í Noregi í dag og stuðningi ríkisvaldsins við þessa starfsemi.
2. Semja greinargerð um framlag æskulýðssamtakanna sjálfra til þessarar starfsemi.
3. Semja greinargerð um stuðning ríkisvaldsins við slika starfsemi í nokkrum löndum, sem hægt er með eðlilegum hætti að bera saman við Noreg.
4. Meta þörfina á opinberum stuðningi og hvaða hlutfall skuli vera milli þess stuðnings og eigin framlags æskulýðssamtaka og meðlima þeirra.
5. Gera tillögur um tilhögun sliks opinbers stuðnings við æskulýðssamtök, þ. á m. hvort gera skuli greinarmun á pólitiskum og ópólitiskum félögum í þessu tilliti. Helztu tillögur nefndarinnar voru:
 1. Ríkisvaldið veiti fé til að þjálfa leiðtoga, er starfi í þágu æskulýðssamtakanna, einkum með því að veita fjárvyrki eftir sérstökum reglum til leiðtoganám-skeiða.
 2. Ríkisvaldið veiti styrki til leiðbeinendastarfsemi á vegum æskulýðssamtaka, einkum til leiðbeinenda, er ferðist á vegum æskulýðssambanda milli einstakra félagsdeilda.
 3. Ríkisvaldið hlutist til um, að aðilar að byggingu félagsheimila eigi kost á hagkvæmum ríkislánum.
 4. Nefndin telur ekki æskilegt, að ríkisvaldið veiti æskulýðssamtökum fjárvyrki til leigu á húsnæði, tækjakaupa, efniskaupa og því um líks. Það eigi að vera hlutverk bæjar- og sveitarfélaga að styrkja slika þætti í starfsemi æskulýðssamtaka.

5. Ríkisvaldið styrki ýmis sameiginleg verkefni og sérstök verkefni æskulýðssamtaka, svo sem ráðstefnur, útgáfu sameiginlegs æskulýðstímarits og bóka um æskulýðsvandamál, svo og þáttöku í alþjóðlegri æskulýðsstarfsemi.
6. Sett verði á stofn æskulýðsleiðtoganámskeið við Norges Kommunal- og Social-skole, — sem fastur þáttur skólanámsins.

Pá lagði nefndin til, að beinir ríkisstyrkir til æskulýðsstarfsemi verði hækkaðir úr 155 þús. n.kr. á ári í 650 þús. n.kr.

Nefndin lagði og til, að við styrkveitingar skuli ekki gert upp á milli pólitískra og ópólítískra æskulýðssamtaka. Aðalatriðið sé, til hvers eigi að verja styrknum, en ekki hver umsækjandinn sé.

Samkvæmt þingsályktun frá árinu 1947 var sett á stofn Íþrótt- og æskulýðsskrifstofa ríkisins og er hún deild í menntamálaráðuneytinu. Engin sérstök löggjöf um æskulýðsmál er til í Noregi.

4. Svíþjóð.

L. nr. 575/1954, um ríkisstuðning við æskulýðsfélög og tómstundastarfsemi.

Lögin skiptast í þrjá meginafka: 1) stuðning við æskulýðsleiðtoganámskeið, 2) stuðning við leiðbeinendastarfsemi, 3) stuðning við tómstundastarfsemi.

Stuðningur er bundinn við æskulýðssamtök, sem einkum hafa æskufólk á aldrinum 12—25 ára innan vébanda sinna.

Þær námsgreinar, sem kennar eru á leiðtoganámskeiðum, eru m. a.: sálfraði, uppeldisfraði, heilsufræði, félagsfræði, bindindisfræðsla, kynlífssfræðsla, skipulagsmál, ræðumennska, leiklistartilsögn, tónlistarfræðsla, leikir, útilif, tómstundastörf, stjórnsýslumál.

Ríkisstyrkur nemur 10 s.kr. miðað við hvern þátttakanda í námskeiðunum, auk þess er greiddur nokkur ferðastyrkur til þátttakenda, sem þess þarfnað. Styrkveitingar eru bundnar við æskulýðssamtök, sem hafa 3000 eða fleiri félaga.

1958—1959 voru veittar 878 þús. s.kr. í þessu skyni.

Stuðningur við leiðbeinendastarfsemi er fólginn í því, að rikið greiðir 75% af launum þeirra leiðbeinenda, er starfa á vegum æskulýðssamtaka, þó ekki meira en 12 000 s.kr. á ári fyrir hvern leiðbeinanda og allt að 4000 s.kr. á ári í ferðakostnað hvers leiðbeinanda.

Leiðbeinendurnir verða að vera viðurkenndir af fræðslumálastjórn, sem einnig ákveður, hvaða æskulýðssamtök hafi þörf fyrir „ríkisstyrkta“ leiðbeinendur. Hlutverk leiðbeinendanna sé að leiðbeina æskufólk i félagslegum efnum og efla jákvæða, heilbrigða og menningarlega tómstundastarfsemi.

1958—1959 voru veittar 574 þús. s.kr. í þessu skyni.

Stuðningur við tómstundastarfsemi byggist á því að veita fjárstuðning til tómstundaflokka, er stunda skipulagða tómstundastarfsemi. Í flokkunum þurfa að vera 5—25 þátttakendur. Þeir séu undir stjórn ábyrgra leiðtoga, sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi sveitarfélaga. Dæmigerð verkefni slíkra tómstundaflokka eru: áhugaleiklist, þjóðdansar, ljósmyndun, módelgerð, tónlistarstarfsemi, véla-föndur.

Greiddur er helmingur efniskostnaðar og launa, þó ekki meira en 4.50 s.kr. fyrir hvern þátttakanda og allt að 2 s.kr. miðað við þátttakanda vegna húsaleigu og annars kostnaðar í hvert skipti, sem komið er saman.

1958—1959 voru veittar 3 millj. s.kr. í þessu skyni.

1957 var lögunum breytt á þann veg, að pólitísk æskulýðsfélög teljast styrkhæf upp frá því — með ákveðnum takmörkunum og að fullnægðum tilteknum skilyrðum — vegna vissra æskulýðsleiðtoganámskeiða, leiðbeinenda-, tómstunda- og íþróttastarfsemi.

Sveitarfélögin í Svíþjóð styrkja verulega æskulýðsstarfsemi hvert í sínu umdæmi, einkum á sviði húsnæðismála, efniskaupa, tómstundaflokka og leiðbeinendastarfsemi.

Í ýmsum stærri borgum eins og Gautaborg og Stokkhólmi eru rekin æskulýðsheimili og tómstundaklúbbar á vegum bæjarfélöganna, sem stjórnað er af fastlaun- uðum leiðbeinendum og atvinnu-æskulýðsleiðtogum. Er mjög deilt um, hvort bæjarfélögin eigi sjálf að reka slika starfsemi. Æskulýðssamtökum kvarta um samkeppni af hálfu þessarar bæjarstarfsemi, og er mjög mikil rætt um þörf á samvinnu og „koordineringu“ á þessu sviði milli æskulýðssamtakanna og bæjarfélöganna.

Í öðrum borgum, eins og t. d. Málmey, er lögð niegináherzla á að styðja og örva hina frjálsu æskulýðssstarfsemi. Greitt er í Málmey 60% af húsnæðiskostnaði æskulýðsfélaga. Verulegir styrkir eru veittir til klúbb- og tómstundaheimila æskulýðsfélaga, sem lögbundið er að komið skuli á fót i nýjum íbúðahverfum. Æskulýðssráðunautur bæjarins er félögunum innan handar með upplýsingar og skipulagsleiðbeiningar. Bærinn gefur út æskulýðsblað, sem sendist æskulýðsfélögum. Í æskulýðsnefnd bæjarins sitja fulltrúar frá félögum, og gerir nefndin tillögur um framlög bæjarins til æskulýðsmála. Um framkvæmdir af hálfu nefndarinnar sér æskulýðsmálaskrifstofa bæjarins, en þar starfa fimm manns.

5. Sambandslýðveldið Þýzkaland.

(Úr bókinni „Jugend in Freiheit und Verantwortung“.)

Æskulýðsáetlun Sambandslýðveldisins er ætlað að „þroska æskufólk líkamlega, andlega og siðferðislega jafnframt starfsfræðslu, leyfa því frjálsan þroska innan eigin félagsskapar og gegna skyldum sínum við fjölskylduna, þjóðfélagið og ríkið“. Í þessu skyni er í áætluninni gert ráð fyrir stuðningi við æskulýðsfélög og starfsemi í þágu ungmenna, bæði með leiðbeiningum og fjárveitingum. Er í þessu efni aðallega starfað samkvæmt þrem grundvallarreglum:

1. Fyrsta grundvallarreglan hvílir á stjórnarskrá Sambandslýðveldisins, en skv. henni njóta „löndin“ (sambandsríkin) sjálfstæðis í tilteknum málum, einkum í menningarmálum. Sambandsstjórnin getur því ekki stutt allar greinir æskulýðsstarfs, en hlýtur í samráði við landsstjórnirnar að takmarka sig við þau mál, er meginþýðingu hafa fyrir Sambandslýðveldið í heild, eða þau mál, sem helzt heyra undir Sambandslýðveldið að lögum eða samkvæmt eðli sínu. Af þessu leiðir, að smærri hópum, bæjar- eða sveitarfélögum, héruðum eða „löndum“, ber að jafn-aði frumkvæði um æskulýðsmál og eiga þá í varendum atbeina Sambandsstjórnar.

Því má telja, að frumkvæði hins opinbera takmarkist einkum við það, sem hér segir:

- Uppeldi og þjálfun ungmenna, að því leyti, sem slíkt gerist umfram heimilisuppledri, skólamál, starfsþjálfun og kristindómsfræðslu, einkum að því er tekur til pólitískrar fræðslu og þjálfunar í alþjóðlegu samstarfi.
- Þjálfun æskulýðssstarfsmanna, hvort sem þeir hafa slíkt að aðal- eða aukastarfi (sjálfboðastarfi).
- Starf er lýtur að því að samhæfa unga innflytjendur þjóðfélaginu og efnahagskerfi þess, bæði að því er snertir unga flóttamenn og menn, sem koma frá hér- uðum utan Þýzkalands (þ. e. t. d. austan Oder—Neisse landamæranna).
- Byggingu, búnað og starfrækslu æskulýðsstöðva, sem hafa þýðingu út yfir héraðamörk, einkum má hér nefna dvalarheimili ungmenna, sem dvelja fjarri heimilum við nám eða þjálfun, svo og hressingarhæli og starfsskóla æskulýðsfulltrúa.
- Æskulýðssstarf í héruðum, þar sem neyðarástand ríkir, og
- Verkefni æskulýðs- og námsmannafélaga og vinnumiðlunarstöðva, er starfa á grundvelli sambandspjóðlegra samtaka.

2. Annað aðalverkefnið stafar af gildandi löggjöf um vernd æskulýðsins og hvílir á sambandinu milli frjálsra félaga og alríkisvalds. Samkvæmt þessari löggjöf ber héraðs- og landsyfirvöldum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir varðandi æskulýðsmál, enda ber þeim fyrst og fremst að neyta fulltingis þeirra sam-

taka, er af frjálsum vilja hafa efnt til æskulýðsstarfa, og ber þeim að reyna slikt samstarf til þrautar, áður en þau taka frumkvæði í þessum efnum.

Hér gildir sem sagt sú regla, að fyrst og fremst ber að efla frjáls félagsamtök á svíði æskulýðsmála, enda beri þau fullkomna ábyrgð á starfi sínu, eigi síður á svíði fræðslumála almennt heldur en á svíði félagsmála og réttarfars. Leiðir af sjálfu, að þessu svíði ber samtökum andstöðuflokka eigi minni vernd og fulltingi en samtökum stjórnarflokka, enda fyrirgera engin stjórnmálasamtök sliku fulltingi önnur en þau, sem afneita eða berjast gegn þeim meginatriðum almanns frjálsræðis (frelishugtaksins), er stjórnlögin segja fyrir um.

3. Þriðja meginatriðið í þessu æskulýðsstarfi er það að „hjálpa þeim, sem hjálpa sér sjálfir“ í þessu efni, þannig að frjáls samtök áhugamanna geti öðlast aðstoð til þess að gera enn betur.

Þess vegna miðast fjárvirkur til almennra samtaka ekki við það að bæta að fullu öll útgjöld þeirra félaga, sem talin eru styrkhæf. Gætir hér þeirrar reglu, að félögin sæki því aðeins um alrikisaðstoð að þau geti ekki borið allan sinn kostnað sjálf. Eru því umsóknir þeirra um aðstoð því aðeins teknar til greina, að þau sanni hugkvæmni og vilja til góðs framtaks og allgöða fjárhagsgetu af eigin rammleik.

Með þessu er sýnt, að áætlunin er nátegnd samstarfi við hvert einstakt land innan ríkjasambandsins (Sambandslýðveldisins), svo og við frjáls félagsamtök, og að alríkið á ekki frumkvæði að neinu nýmæli eða ráðstöfun, enda á slikt að upphefjast í héraði eða landi. Verður að játa, að þetta fyrirkomulag felur í sér nokkrar takmarkanir og ókosti og leggur alríkinu nokkurn fjötur um fót. Getur einkum orðið tafamt fyrir ókunnuga að afla sér nákvæms fróðleiks um framlög hins opinbera. Á hinn bóginn verður naumast fundin skárra lausn á grundvelli gildandi stjórnлага Sambandslýðveldisins, en í þeim er sérstök áherzla lögð á sjálfstæði hvers einstaks „lands“ (sambandsríkis) í mennta- og menningarmálum. Og sannleikurinn er sá, að þetta kerfi hefur gefið mjög góða raun, ekki sízt vegna þeirra takmarkana, sem ýmsir hefðu a priori viljað telja ókosti, því að fátt er vænlegra til áhrifa og velgengni en framtak frjálsra félagsamtaka, stutt með drjúgu framlagi hins opinbera.

Þýzka æskulýðsáætlunin (Der Deutsche Bundesjugendplan) er ekki „langtíma-áætlun“, heldur er hún fólgin í árlegum fjárveitinga-áætlunum til æskulýðsmála, og eru þær á hverju ári háðar samþykki sambandspingsins, skv. tillögum nefndar eða ráðs (Aktionsausschuss für Jugendfragen), sem i eiga sæti m. a. fulltrúar sambandsríkjanna og frjálsra æskulýðssamtaka, og skilar ráðið tillögum til þess ráðuneytis sambandslýðveldisins, sem fer með æskulýðsmál. Er hlutverk ráðsins einkum að meta umsóknir um styrki í ljósi fenginnar reynslu og æskilegrar nýbreytni.

Æskulýðsáætlunin hefur verið við lýði allt frá árinu 1950, en það ár nam fjárveiting til hennar 17.5 millj. mörkum. Á árinu 1966 nam fjárveitingin 66.5 millj. mörkum. Auk þess er talið, að ríkis- og sveitarfélögin og æskulýðssamtókin sjálf leggi árlega fram helmingi hærri fjárhæð, þannig að á árinu 1966 hafi samtals verið varið 199.5 millj. marka til æskulýðsmála í Sambandslýðveldinu. Talið er, að árlega njóti 10—12 millj. ungmenna góðs af æskulýðsáætluninni og þar af sé um 80% ófélagsbundið æskufólk.

Fylgiskjal VI.

Skýrsla Jacobus W. Ooms.

SKÝRSLA UM HEIMSÓKN TIL ÍSLANDS

I. Tilgangur fararinnar.

Sérstök stjórnskipuð nefnd vinnur að því verkefni að gera tillögur um almenna löggjöf varðandi æskulýðsmál, er feli í sér ákvæði um fjárhagslegan stuðning af hálfu hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, einkum að því er varðar tómstundastörf.

Íslenzka ríkisstjórnin óskaði eftir því við UNESCO, að stofnunin sendi sérfræðing til Íslands til viðræðna og til þess að láta í té ráðleggingar í sambandi við verkefni nefndarinnar. Samkvæmt ósk UNESCO greiddi hollenzka ríkisstjórnin fargjöld og upphald fyrir sérfræðinginn. Það varð að samkomulagi millum ríkisstjórnanna beggja og UNESCO, að undirritaður var beðinn um að takast ferð þessa á hendur.

II. Starfsaðferðir.

Athugun á ástandinu í þessum nálum á Íslandi gat farið fram á staðnum með viðræðum, heimsóknum, ferðalögum og móttökum.

Upplýsingar voru látnar í té varðandi ástandið í æskulýðsmálum annarra landa.

Viðræður fóru fram umi aðgerðir, sem gætu haft þýðingu á Íslandi og unnt væri að hrinda þar í framkvæmd.

III. Athugun.

Nokkur ummæli varðandi ástandið á Íslandi:

1. Reykjavík er eina stóra bæjarfélagið, og þar er nærrí helmingur íbúa landsins búsettur. Borgin er í mjög örum vexti. Hinn hluti íbúanna býr í allmögum litlum kaupstöðum og í sveitum landsins, en þar standa bæirnir mjög dreift og langt hver frá öðrum.
2. Íþróttasamtökum gegna mjög mikilvægu hlutverki.
3. Aðgerðir ríkisins hafa stuðlað að því að gera byggingu félagsheimila auðveldari (50% af skemmtanaskatti er varið til byggingar þeirra), og eru nú 126 slik félagsheimili risin upp. Eins og stendur er mjög stór skuld útistandandi í þessu sambandi.
4. Íþróttafélögum og hin pólitisku æskulýðsfélög eru fjölmennust innan Æskulýðssambands Íslands, en í raun réttri stafar það aðallega sem eins konar landsnefnd fyrir World Assembly of Youth (WAY) og önnur alþjóðasamtök á svíði æskulýðsmála, svo sem CENYC.
5. Margir hafa bent á, hver nauðsyn er á að auka möguleika til tómstundauðkana. Þetta hefur leitt til þess, að á mörgum stöðum hefur verið komið á fót æskulýðsráðum og æskulýðsmiðstöðvum. Í Reykjavík hafa æskulýðsstöðvar eins og „Heim der offenen Tür“ í Berlin og Hamborg (þar sem æskulýðsfélög fá herbergi til sinna afnota, og síðan eru sérstök herbergi til afnota fyrir það æskufólk, sem ekki er í neinum sérstökum samtökum) verið notuð sem fyrirmund að rekstri æskulýðsmiðstöðva.

IV. Upplýsingar.

Undirritaður lét í té upplýsingar um ýmis vandamál í öðrum löndum, hver þróunin hefur verið þar og hvaða hugmyndir hafa komið fram til úrbóta. Sérstaklega voru teknar til athugunar þær hugmyndir, sem fram komu á æskulýðspungi UNESCO, sem haldið var í Grenoble árið 1964, og skýrt frá niðurstöðum þingsins. Einnig var skýrt frá þróun þessara mála í Danmörku, Þýzkalandi, Englandi, Frakklandi og Ítalíu, og sömuleiðis skýrt itarlega frá þróun og gangi mála í Hollandi.

Í þessu sambandi var sérstaklega fjallað um vandamál þau, sem við er að etja í þessum löndum og hvernig brugðiðt hefur verið við þeim og hvaða stefna hefur verið tekin upp í því sambandi. Þá var skýrt frá sambandi hinna ýmsu aðila, sem hér eiga hlut að málí, þ. e. opinberir aðilar, einkaaðilar og hin ýmsu samtök. Jafnframt var nokkuð sagt frá þjálfun og menntun æskulýðsleiðtoga og hverjur möguleikar eru fyrir það æskufólk, sem ekki er bundið í neinum sérstökum samtökum.

Viðræður.

Undirritaður ræddi að sjálfsögðu sérstaklega við laganeftnd þá, sem nú vinnur að því að gera tillögur um aðgerðir á sviði æskulýðsmála. Auk þess að veita nefndinni upplýsingar og leiðbeiningar eftir því sem unnt var, kom undirritaður fram með ýmsar tillögur varðandi þau atriði, sem nefndin einkum bar fyrir brjósti. Þar sem viðræður þessar voru að sjálfsögðu í eðli sínu trúnaðarmál, er eigi mögulegt að rekja þær nákvæmlega hér, nema hvað taldar skulu upp megin tillögur þær, sem undirritaður kom fram með, en þær eru sem hér segir:

1. Komið verði á fót sérstakri ráðuneytisdeild, er fjalli um æskulýðsmál sérstaklega, og veiti henni forstöðu sérstakur æskulýðsmálafulltrúi.
2. Samræma þarf ýmsar þær aðgerðir, sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd.
3. Nauðsynlegt er, að Æskulýðssambandi Íslands verði fundin ákveðnari verkefni heima fyrir, auk þess að halda uppi sambandi við erlend æskulýðssamtök.
4. Mælt er eindregið með því, að samþykkt verði sérstök lög um æskulýðsmál. Ættu þau að vera viðtæk og rúm í eðli sínu og mynda rammalöggjöf um þessi mál. Ætti slík löggjöf annars vegar að skapa aðhald og marka ákveðna stefnu í þessum málum, en hins vegar að vera hvatning og örjun til þess að koma í framkvæmd nýjum hugmyndum og verkefnum á sviði æskulýðsmála.
5. Mjög væri æskilegt, að hin einstöku æskulýðsráð á hverjum stað hefðu með sér nánari samvinnu og sameinuðust í landssamband æskulýðsráða, auk þess sem fjölda þyrfti slíkum ráðum og koma þeim á fót á ýmsum stöðum, þar sem þau eru ekki starfandi enn þá. Bæjar- og sveitarstjórnir á hverjum stað, svo og ráðuneytið, ættu að ákveða, hvaða verkefnum æskulýðsráðin eiga að gegna. Æskulýðsráðin ættu fyrst og frenst að vera ráðgefandi og annast samræmingu á störfum þeim, sem beinast að aðstoð við æskufólk. Einnig gætu æskulýðsráðin orðin til þess að hvetja ungt fólk til að beina kröftum sínum að hollum viðfangsefnum. Sömuleiðis mætti síðar fela æskulýðsráðunum ákveðin framkvæmdaatriði, svo fremi sem það ekki rekst á þau verkefni, sem félögin hafa með höndum. Í æskulýðsráðunum eigi sæti fulltrúar frá félögum þeim og samtökum, sem vinna að æskulýðsmálum, svo og frá opinberum aðilum. Einnig væri að sjálfsögðu hægt að skipa óháða sérfræðinga til að eiga sæti í einstökum æskulýðráðum.
6. Sökum þess hve Reykjavík er í örum vexti þarf að huga sérstaklega að vandamálum æskunnar þar og gera ráðstafanir til úrbóta hið allra fyrsta.
7. Þjálfun æskulýðsleiðtoga er að öllum líkindum það mál, sem mikilvægast er og fyrst þarf að taka til athugunar. Nauðsynlegt er að ráða nokkra menn, sem starfi eingöngu að því að vera leiðtigar á sviði æskulýðsmála. Þyrfu þeir að fara utan til að afla sér þjálfunar og aukinnar þekkingar á þessu sviði.
8. Hinn mikli fjöldi félagsheimila, sem nú eru starfandi í landinu, myndi réttlæta það, að komið væri á fót sérstoku sambandi félagsheimila fyrir landið í heild.
9. Nauðsynlegt er að skipuleggja vel nýtingu félagsheimilanna í landinu. Auk þess að gefa þeim félagasamtökum, sem fyrir eru, kost á húsrými, væri vel hægt að hugsa sér, að þau fengju sjálf að ráða nokkru um skipulag starfsins og bannig væri sameinað starf skipulegra félagasamtaka og hins „opna“ æskulýðsheimilis.

Rotterdam, 26. ágúst 1965.

J. W. Ooms.